FRÉTTABLAÐIÐ

158. TÖLUBLAÐ 20. ÁRGANGUR — MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI* — LAUGARDAGUR 18. JÚLÍ 2020



Traust á fáki fráum

Maður getur eiginlega ekki útskýrt þetta fyrr en maður lendir í þessu sjálfur.

Kennarinn Elísabet Sveinsdóttir sótti orku til hestanna sinna í baráttu við krabbamein. Þegar hún fór aftur á bak eftir brjóstnám datt henni í hug meðferðarúrræðið Treystu mér, þar sem hestar hjálpa börnum í andlegum erfiðleikum. ↬ 16



Rakel á Topp 20

Rakel Mjöll í Dream Wife er fjórða íslenska konan sem kemst á Topp 20 breska listans. ↬ 38



Augnskuggar fortíðar

Tony Hadley úr Spandau Ballet syngur með Todmobile og pælir ekkert í 80´s-merkimiðum. ↬ 22




Náttúruperlan Grímsey

Svo heillandi áfangastaður að ferðalangar geta hæglega freistast til þess að skjóta þar rótum. ↬ 20



Veður



Norðlæg átt 8-15 m/s með rigningu nyrðra, en fer að lægja og dregur úr úrkomu vestantil seinnipartinn. Bjart að mestu sunnan heiða. Hægur vindur Norðvestanlands annað kvöld, en gengur í norðvestan 13-20 á Suðausturlandi. Hiti 2 til 13 stig. SJÁ SÍÐU 30

Krummi velur þjóðarréttinn



Meðal fastagesta pylsuvagnsins við Vínbúðina í Skeifunni eru hrafnahjón, sem eiga unga í hreiðri á þaki byggingar í nágrenninu. Þau hjónin þiggja gjarnan smakk af einni með öllu, hjá þeim sem fá sér pylsu til að seðja hungrið í verslunarleiðöngrum, eins og Kolbrúnu Ingvarsdóttur, starfsmanni Skessuhorns, sem gerði helgarinnkaup í Skeifunni og sá ekki eftir bita af þjóðarréttinum ofan í krumma og ungana hans. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Átök í Icelandair valda uppnámi

KJARAMÁL Mikil óvissa hverfist nú um starfsemi Icelandair sem stefnir á stórt hlutafjárútboð í ágúst til að bjarga rekstri félagsins.

Flugfreyjufélag Íslands boðaði í gær til allsherjar vinnustöðvunar félagsmanna sinna hjá Icelandair eftir að flugfélagið sleit kjaraviðræðum við félagið og tilkynnti að öllum flugfreyjum og flugþjónum yrði sagt upp störfum. Flugmenn muni ganga í störf flugfreyja og fluglioða um borð frá næsta mánudegi. Félag flugmanna fer nú yfir sína stöðu með lögmanni en sérfræðingur í vinnurétti segir það mögulega verkfallsbrot að láta flugmenn sinna stöfum flugfreyja, komi til verkfalls.

Mögulega verkfallsbrot að láta flugmenn ganga í störf flugfreyja í verkfalli.

„Fólk hefur réttindi og skyldur alveg fram til þess að starfslokum lýkur, sem er ekki fyrr en í lok uppsagnarfrests. Þær eru þarna í störfum alveg út uppsagnarfrestinn," segir Lára V. Júlíusdóttir, lögmaður og sérfræðingur í vinnurétti.

Forystumenn launþegahreyfingarinnar lýsa vanþóknun á ákvörðun flugfélagsins og standa þétt að baki flugfreyjum. Alþýðusamband Íslands íhugar aðgerðir vegna stöðunnar, að sögn Drífu Snædal, forseta sambandsins og stjórn VR beindi því í dag til stjórnar Lífeyrissjóðs verslunarmanna að sniðganga væntanlegt hlutafjárútboð Icelandair að óbreyttu.

Aðspurður hvað gerist ef stjórnarmenn VR í Lífeyrissjóði verslunarmanna fari ekki eftir tilmælum stjórnar VR, segir Ragnar Þór Ingólfsson formaður að þeim verði einfaldlega skipt út. „Og þá skipum við stjórnarmenn sem hafa þau gildi sem verkalýðshreyfingin stendur fyrir." **– mhj, – gar**

Óveðrið kostaði um 14 milljónir

VESTMANNAEYJAR Óveðrið í febrúar kostaði Vestmannaeyjahöfn 14 milljónir króna vegna Blátinds og tjóns á mannvirkjum.

Blátindur var í eigu bæjarins og var til sýnis á Skans-svæðinu. Hann var smíðaður í Eyjum árið 1947 af Gunnari Marel Jónssyni. Þetta kemur fram í fundargerð framkvæmda- og hafnarráðs.

Tekjur hafnarinnar fyrstu sex mánuði ársins voru 178 milljónir en gjöld utan fjármagnsliða 186 milljónir. Áætlun ársins gerði ráð fyrir tekjum upp á 220 milljónir og gjöldum um 180 milljónir. „Ljóst er að tekjur eru verulega undir væntingum sem helgast að mestu vegna minni umsvifa við höfnina en gert var ráð fyrir," segir í fundargerðinni.

Ráðið lýsti yfir miklum áhyggjum af stöðu hafnarinnar og ákvað ráðið að fresta kaupum á nýjum löndunarkrana á Edinborgarbryggju, sem á að kosta 10 milljónir. **– bb**



Öskrin geta skaðað raddbönd varanlega

Doktor í rödd og raddbeitingu segir að ný markaðsherferð á Íslandi, sem hvetur útlendinga til að taka upp öskur sín, sé til skammar. Öskur geti skaðað raddböndin og ekki sé gott að reyna að leysa einn vanda en skapa annan.

HEILBRIGÐISMÁL Ný markaðsherferð Inspired by Iceland hefur vakið gríðarlega athygli síðustu daga. Þar er fólki um allan heim boðið að losa um uppsafnaða streitu vegna COVID-19 með því að taka upp öskur sín og láta þau hljóma í gegnum hátala sem verður komið fyrir víðs vegar um landið á næstunni.

Herferðin er hluti af markaðsverkefninu Ísland – saman í sókn, sem heyrir undir efnahagsaðgerðir stjórnvalda vegna COVID-19, og er fjármagnað af atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu.

Greinilegt er að sitt sýnist hverjum um ágæti hugmyndarinnar. Þó er ljóst að hún hefur vakið mikla athygli fyrir utan landsteinana og vilja margir meina að þar með sé tilganginum náð. Margir af stærstu fjölmiðlum heims birtu fréttir um herferðina, auk þess sem tíðindin fóru sem eldur í sinu á samfélagsmiðlum.

Valdís I. Jónsdóttir, doktor í rödd og raddumhirðu, segir að í herferðinni felist hættuleg skilaboð og að það sé til skammar að Íslendingar standi fyrir því að dreifa slíku um heimsbyggðina. „Það getur vel verið að sálfræðingar geti vísað í gildar rannsóknir sem að sýni fram á að hægt sé að losna við streitu með öskum. Hins vegar eru margar rannsóknir úti um allan heim, sem sýna fram á hvernig misbeiting raddar, til dæmis með öskrum, getur valdið varanlegum skaða á raddböndum," segir Valdís.

Hún bendir á að raddbönd séu líffæri sem geti skaðast eins og allt annað í líkamanum ef álagið verður of mikið. „Við látum ekki fólk fara úr skónum og sparka í vegg. Ástæðan er sú að það er sárt og getur skaðað



Ný markaðsherferð Inspired by Iceland hefur vakið mikið umtal.

Ég trúi því ekki að ráðherra ferðamála leggi blessun sína yfir þá hugmynd að bjóða fólki að leysa einn vanda, en eiga á hættu að skapa annan vanda í staðinn.



Dr. Valdís I. Jónsdóttir

viðkomandi. Það er alveg eins með öskur og raddböndin. Slæmri raddbeitingu fylgir, að öllu jöfnu, sársaukatilfinning," segir Valdís.

Ekki megi gleyma því að röddin sé ein af undirstöðum lífsgæða okkar. „Án hennar gætum við ekki átt í munnlegum samskiptum við fólk. Þar að auki er hún óneitanlega atvinnutæki, sem er bæði óvarið og ótryggt. Það er í raun skelfilegt hvað fólk veit lítið um röddina og gildi hennar," segir Valdís.

Hún segir að það geti haft alvarlegar afleiðingar, þó að sjaldan sé óskrað. „Hver manneskja er einstök og sumir þola lítið og aðrir mikið. Það er forkastanlegt að Íslendingar séu að hvetja til einhvers sem getur skaðað einstaklinga varanlega. Ég trúi því ekki að ráðherra ferðamála leggi blessun sína yfir þá hugmynd að bjóða fólki að leysa einn vanda, en eiga á hættu að skapa annan vanda í staðinn."

bjornth@frettabladid.is

Birt með fyrirvara um prentvillur og myndavixl. Úrval getur verið misjafnt milli verslana.

HÚSASMIÐJAN

FYRIR ÞIG

20% afsláttur
af LADY innimálningu og
Jotun viðarvörn og útimálningu

ÚTSALA

Sumarblóm -20-50% • Trjáplöntur -50% • Útipottar -25% • Gervisumarblóm -25%
Gasgrill (Gildir ekki af Weber) **-20% • Kolagrill -20% • Reiðhjól** (Gildir ekki af rafmagnshjólum) **-20% • Keðjusagir -20%**
Garðhúsgögn -20% • Áltröppur/stigar -20-25% • Sláttuvélar -20-25% • Sláttuorf -20-30%
Rafmagns- og bensín hekkklippur -20-30% • Hekk- og greinaklippur -30% • Háþrýstidælur (Nilfisk) **-20-25%**
Slönguhjól (Claber) **-30% • LADY málning -20% • Viðarvörn** (Jotun) **-20% • Pallaolía -20% • Viðarvörn** (Gori) **-30%**
Útimálning -20% • Hnífapör og ýmis eldhúsáhöld -30% • Matarstell, glös og könnur -30%
Pottar, pönnur og hitakönnur -30% • Regnföt -30% • Útivistarfatnaður -25% • Vinnufatnaður -25%
Barnaöryggi -20% • Vinnuhanskar -20% • Vinnuöryggisvara (hjálmar, grímur o.fl.) **-20%**

50%

990 kr/stk.
~~1.990 kr~~
Sýpris
Flott í útipottana. **10327160**

50%

999 kr
~~1.990 kr~~
Stjörnuhnappur

50%

1.145 kr
~~2.290 kr~~
Fuchsia

Allt í ferðalagið í Húsasmiðjunni



2.890 kr
Kælibox 24 ltr.
Ath. ekki útsöluvara.
3899342



17.990 kr
Tjald 2ja manna
Campsite Rocky 2 manna grænt tjald.
Ath. ekki útsöluvara. **3901638**

SILVERBACK



20%

39.992 kr
~~49.990 kr~~
Reiðhjól
Stride 29" JR, svart og blátt.
3902103

25%



Nilfisk

15.745 kr
~~20.995 kr~~
Háþrýstidæla C 110.7-5 X-TRA
110 bör, 1.4 kW, 440 ltr./klst., 5 m slanga.
Click & Clean kerfi.
5254203



20%

38.876 kr
~~48.595 kr~~
Bensínsláttuvél Razor 4610
139 cc, 2,3 kW, sláttubreidd 46 cm, sláttukerfi 3in1,
6 hæðarstillingar, eitt handtak, 65 ltr. safnari. **5085301**

20%



34.392 kr
~~42.990 kr~~
Gasgrill Solo
Flott grill fyrir heimilið eða bústaðinn. 3 ryðfríir brennarar, grillflötur: 62,8x40,6 cm. **3000393**

Aðeins fimmtíu prósent plássa í fangelsum landsins í nýtingu

FANGELSI Aðeins helmingur fangaplássa í landinu er í nýtingu sem stendur. Alls eru 99 fangar vistaðir í fangelsum landsins, en þau rúma alls 198 fanga.

Tilkynnt var um lokun fangelsisins á Akureyri fyrr í mánuðinum, við mikla óánægju meðal áhrifamanna á Norðurlandi, bæði úr stjórnsýslu og löggæslu en einnig meðal fanga sjálfra. Í vikunni tilkynnti dómsmálaráðherra að formlegri framkvæmd lokunarinnar yrði frestað fram í miðjan september, meðan beðið væri úttektar ríkislögreglustjóra á hugsanlegum viðbótarkostnaði lögreglunnar á Akureyri vegna lokunar fangelsisins.

Fjöldi fanga í fangelsum

Fangelsi	Fjöldi í dag	Pláss alls
Litla-Hraun	45	87
Hólmsheiði	28	56
Kvíabryggja	12	23
Sogn	14	22
Akureyri	0	10
Alls:	**99**	**198**

„Markmið okkar er óbreytt: að tryggja velferð fanga og eins góða þjónustu og unnt er, um leið og hugað er að hagkvæmni í rekstri fangelsiskerfisins til lengri tíma og styttingu boðunarlistans," sagði Áslaug Arna í færslu á Facebook fyrr í vikunni.

Aðspurð um áhrif frestunar lokunarinnar, segir Áslaug hana engu breyta. Áður en ákvörðun um lokun hafi verið tekin hafi ekki staðið til að vista fanga þar fyrr en eftir 15. september.

Engir fangar verða því í fangelsinu á Akureyri það sem eftir lifir sumars, þrátt fyrir að ákvörðun um lokun hafi verið frestað. **– aá**



Lítið útileguveður er um helgina.

Áfram hvasst um helgina

VEÐUR Veðurhorfur verða áfram vindasamar um helgina en skána nokkuð seinni partinn í dag.

Gul viðvörun er á Norðurlandi, Suðausturlandi og Vestfjörðum fyrri hluta dags. Þá er spáð talsverðri rigningu nyrðra og allhvössum og hviðóttum vindi á Suðausturlandi.

„Þessu veðri slotar að miklu leyti á síðari hluta laugardags en það verður þó víða ansi hvasst," segir Arnór Tumi Jóhannsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands. „Ég býst við að það verði ansi margir sem þurfi að fresta útilegunum í bili."

Sé fólki nauðsynlegt að tjalda þá sé líklega skást að gera það á Vesturlandi eða í uppsveitum Suðurlands og þá seint á laugardagskvöld. „Það verður hins vegar leiðinlegra veður fyrir austan og ekkert mjög tjaldvænt," segir hann.

Á sunnudeginum verður veðrið svo að mestu leyti gengið yfir og segir Arnór að ekki sé ástæða til að búast við áframhaldandi roki í næstu viku. „Lægðin verður svo að fjarlægjast landið á mánudaginn, svo byrjun næstu viku lítur ágætlega út," segir hann. **– atv**

Karlar enn mun fleiri en konur

SAMFÉLAG Samtals bjuggu 366.700 manns á Íslandi við lok annars ársfjórðungs. Karlar voru 188.330 og konur 178.370. Alls fjölgaði landsmönnum um 560 á ársfjórðungnum, eða um 0,2 prósent. Í lok fjórðungsins bjuggu 234.910 manns á höfuðborgarsvæðinu, en 131.790 utan þess. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. **– þþ**

Útgerðin óskar eftir að veiða hluta síldarkvóta næsta árs

Mikil blöndun er á síld og makríl á miðunum, en síldarkvóti þessa árs er hins vegar nánast uppurinn. Sjávarútvegsráðuneytið mun að öllum líkindum verða við óskum útgerðarmanna í næstu viku. Makrílvertíðin fer hægt af stað. Minna af fiski virðist finnast á miðunum og veður verið óhagfellt síðustu vikur.

ÚTVEGUR Útgerðarmenn vilja færa hluta aflamarks síldar frá næsta kvótaári yfir á yfirstandandi kvótatímabil, til að mæta því að mikil síld hefur veiðst sem meðafli á makrílvertíðinni. Aðeins eru um 2.000 tonn óveidd af aflamarki síldar á yfirstandandi kvótaári. Nýtt kvótaár hefst þann 1. september.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa óskað eftir því við sjávarútvegsráðuneytið að aflaheimildir næsta árs megi nýta núna í ágúst, frekar en síðar í haust. Makrílvertíðin hófst undir lok júní og stendur jafnan fram í ágúst innan landhelgi Íslands. Í september þarf gjarnan að sækja makrílinn á fjarlægari mið svo sem í Smuguna. Það er því til mikils að vinna fyrir útgerðina að veiða makrílinn fyrr en síðar.

Gunnþór Ingvarsson hjá Síldarvinnslunni í Neskaupstað segir hugsanlegt að íslenski flotinn haldi fyrr í Smuguna í ár, ef tíðarfar batnar ekki á Íslandsmiðum. „Við vitum að það er nóg af makríl þar," segir Gunnþór, en að minnsta kosti tólf skip frá Rússlandi eru við makrílveiðar á svæðinu.

Veiðiráðgjöf Hafrannsóknarstofnunar vegna íslensku sumargotssíldarinnar vegna næsta kvótaárs, hljóðar upp á 35.500 tonn. Fulltrúar útgerðarmanna hafa stungið upp á því að fimm til tíu þúsund tonn verði flutt yfir á yfirstandandi kvótaár. Hugsanlegt er að sjávarútvegsráðherra samþykki þessa breytingu strax í næstu viku.

„Síldin hefur mikið verið að þvælast fyrir okkur, sem hefur gert þetta erfitt," segir Þorsteinn Kristjánsson, forstjóri Eskju á Eskifirði. Hann segir að allt að 30-35 prósent afla í hverju holli á makrílslóð hafi verið síld.



Makrílvertíðin fer hægt af stað. Huginn VE frá Vestmannaeyjum hefur verið á makrílveiðum. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

> Síldin hefur mikið verið að þvælast fyrir okkur, sem hefur gert þetta erfitt.
>
> Þorsteinn Kristjánsson, forstjóri Eskju

Leyfilegt aflamagn af makríl sem veiða má á yfirstandandi fiskveiðiári, er um 166 þúsund tonn.

Hrygningartímabil íslensku sumargotssíldarinnar hefst hins vegar undir lok mánaðar og eru bundnar vonir við að hún aðskilji sig þá betur frá makrílnum.

Vertíðin farið hægt af stað

Útgerðir í Vestmannaeyjum eru jafnan fyrstar af stað á makrílvertíð, en hans gætir fyrst suður af landinu, áður en hann fikrar sig upp með ströndinni. Vinnslustöðin í Vestmannaeyjum var einna fyrst útgerða til að hefja makrílveiðar í ár, í lok júní. „Við byrjuðum frekar snemma í ár," segir Sindri Viðarsson sem stýrir uppsjávarsviði félagsins.

„Það hentar okkur að veiða makrílinn meðan hann er hér í kringum Eyjar. Það voru fínar aðstæður í júní, en stærstan hluta júlí hefur verið heldur þungbúið á miðunum og vont í sjóinn," segir hann, en sól og blíða eru kjöraðstæður til makrílveiða þar sem fiskurinn heldur sig nærri yfirborði sjávar. Vinnslustöðin hefur veitt um 5000 tonn af makríl það sem af er vertíð, eða um það bil þriðjung aflamarks síns.

Páll Guðmundsson, forstjóri Hugins sem einnig er í Vestmannaeyjum, segir að vertíðin hafi farið hægar af stað en í fyrra og að minna virðist vera af fiski á ferðinni í ár. „Í fyrra var líka betra rennsli í sölunni. COVID-19 hefur haft sitt að segja hvað varðar eftirspurn og síðan er þrýstingur á verðin," segir Páll.

Algengt verð á makríl fyrir ári var um 1.800 dalir á tonnið á afhendingarstað, en nú er verð nálægt 1.500 dölum. Styrking dalsins gagnvart öðrum gjaldmiðlum hefur þó sitt að segja líka. **thg@frettabladid.is**

ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI, VARA- OG AUKAHLUTAVERSLUN

UMBOÐSAÐILI Jeep® RAM FIAT

ALMENNT BÍLAVERKSTÆÐI OG SMURÞJÓNUSTA FYRIR ALLA BÍLA

ALLIR VINNA - ENDURGREIÐSLA VSK.

FIAT HÚSBÍLAR - ÁBYRGÐAR OG ÞJÓNUSTUVERKSTÆÐI

BREYTINGAR Á JEEP®, RAM OG ÖÐRUM USA PALLBÍLUM

ALLIR BÍLAR SÓTTHREINSAÐIR

STUTTUR BIÐTÍMI SÍMI 590 2323



Pallbílahús frá ARE á alla USA pallbíla



Úrval af felgum fyrir Jeep® og RAM



Upphækkunarsett í Wrangler



Upphækkunarsett í RAM



Falcon demparar

Varahlutaverslun ÍSBAND býður upp á gott úrval vara- og aukahluta og íhluta til breytinga. Allir helstu varahlutir í okkar vörumerkjum eru til á lager. Sérpöntum varahluti í aðra USA bíla.

ARE AEV FALCON TERAFLEX

ÍSBAND

ÍSLENSK-BANDARÍSKA EHF • VERKSTÆÐI OG VARAHLUTAVERSLUN • SMIÐSHÖFÐA 5 • 110 REYKJAVÍK
SÍMI 590 2323 • THJONUSTA@ISBAND.IS • WWW.ISBAND.IS • **OPIÐ VIRKA DAGA KL. 07:45 - 18:00**

FERÐASTU UM ALLT ÍSLAND

Jeep®

Á ALVÖRU JEPPA MEÐ ALVÖRU FJÓRHJÓLADRIFI

JEEP® GRAND CHEROKEE – VERÐ FRÁ: 11.690.000 KR.

- 3.0 V6 250 HÖ. DÍSEL, 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- 570 NM TOG
- HÁTT OG LÁGT DRIF
- RAFDRIFIN LÆSING Í AFTURDRIFI
- LOFTPÚÐAFJÖÐRUN AÐ FRAMAN OG AFTAN
- HLÍFÐARPLÖTUR UNDIR VÉL, KÖSSUM OG SKIPTINGU
- BI-XENON LED FRAMLJÓS MEÐ ÞVOTTAKERFI
- RAFDRIFIN OPNUN Á AFTURHLERA
- ÍSLENSKT LEIÐSÖGUKERFI
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ
- FJARLÆGÐASKYNJARAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- BLINDHORNSVÖRN

BÍLL Á MYND: JEEP® GRAND CHEROKEE OVERLAND 33” BREYTTUR

JEEP® WRANGLER RUBICON – VERÐ FRÁ: 11.990.000 KR.

- BENSÍN 273 HÖ / DÍSEL 200 HÖ
- 8 GÍRA SJÁLFSKIPTING
- ROCK-TRACK® FJÓRHJÓLADRIF
- SELECT-TRAC® MILLIKASSI
- TRU-LOCK® 100% DRIFLÆSINGAR AÐ FRAMAN OG AFTAN
- AFTENGJANLEG JAFNVÆGISSTÖNG AÐ FRAMAN
- HEAVY DUTY FRAM- OG AFTURHÁSING
- BAKKMYNDAVÉL MEÐ BÍLASTÆÐAAÐSTOÐ

BÍLL Á MYND: JEEP® WRANGLER RUBICON 35” BREYTTUR

ISBAND

UMBOÐSAÐILI JEEP® OG RAM TRUCKS Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6
270 MOSFELLSBÆR • S. 590 2300 • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18





Óska eftir listaverkum

Óska eftir listaverkum gömlu meistaranna, m.a. Kjarval (aðallega andlitsmyndum og manneskjum í landslagi).

- Svavar Guðnason
- Sæmundur Valdimarsson
- Gunnlaugur Scheving
- Karl Kvaran
- Guðmunda Andrésdóttir
- Nína Tryggvadóttir
- Gerður Helgadóttir
- Stórval
- Karólína Lárusdóttir
- Alfreð Flóki
- Dieter Roth, o.fl.

Skoða allt.

Áhugasamir seljendur hafi samband í síma 690-0931 eða sveinn.thorhallsson@gmail.com





Börnin í Trékyllisvík vilja að ekið sé varlega hjá kríuvarpinu því ungarnir eru komnir á kreik. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Kríuungarnir verða að klessu á þjóðvegi 643

Æðarbóndi í Trékyllisvík biðlar til ökumanna að vægja kríuungum sem komnir eru á stjá. Sumir ökumenn sinni hvorki skiltum Vegagerðarinnar, né skiltum barnanna sem send séu til að hreinsa fuglahræin upp af veginum.

ÁRNESHREPPUR „Þó að sumum finnist krían leiðinleg þá er óþarfi að láta hana fljúga hringinn í kring um hnöttinn einu sinni á ári til þess að fólk geti gert börnin þeirra að klessu," segir Jóhanna Ósk Kristjánsdóttir, í Árnesi II í Árneshreppi.

Jóhanna sendi á dögunum út ákall til „íbúa, sjómanna og gesta Árneshreppsfólks," að sýna kríunni tillit. „Nú fer að líða að því að ungarnir sækja á götuna og þá verðum við mannfólkið að sýna aðgát. Langmest af þeim er hér á milli bæjanna Árnes 1 og Árnes 2," benti hún á í færslu á Facebook. „Ef þú kæri lesandi kannast við að keyra á miklum hraða hér framhjá, vinsamlega hægðu á þér."

Vegarkaflar framan við bæi í Trékyllisvík eru malbikaðir. „Það eru sumir sem vilja nota þá kafla og gefa aðeins í – þótt þeir séu stuttir," segir Jóhanna við Fréttablaðið. Hún kveður ástandið hafa gengið fram af krökkunum á svæðinu. Fyrir nokkrum árum hafi þeir útbúið skilti til að biðja vegfarendur að sýna aðgát við kríuvarpið.

> **Krían er útvörður fyrir okkur og þess vegna viljum við hafa sem mest af henni, hún er ómissandi.**
>
> Jóhanna Ósk Kristjánsdóttir, í Árnesi II í Árneshreppi

„Þetta voru bara klessur á veginum fyrir framan. Við vorum að senda krakkana út til að tína upp hræin og koma þessu í burtu. Þannig að krakkarnir máluðu á þessi skilti og settu upp við veginn," útskýrir Jóhanna.

Í fyrra kveðst Jóhanna hafa sett sig í samband við Vegagerðina, sem nú hafi sett upp viðvörunarskilti vegna varpsins. „Það virðist bara hafa ósköp lítið að segja, því miður. Þannig að við fórum bara út með gömlu skiltin aftur og dengdum þeim líka inn á milli. Það er eins og að það grípi örlítið meira, en það eru einstaka sem keyra þannig að maður fær bara hland fyrir hjartað," segir hún.

Í Árnesi II er eitt af stærri æðarvörpum landsins, að sögn Jóhönnu. „Við erum æðarbændur þannig að við viljum hafa kríuna og pössum upp á hana. Hún lætur okkur alltaf vita ef það kemur tófa eða minkur. Krían er útvörður fyrir okkur og þess vegna viljum við hafa sem mest af henni, hún er ómissandi."

gar@frettabladid.is

Framkvæmdastjórinn hefur fullan skilning á eggjakasti tónleikagesta

SKEMMTANALÍF Framkvæmdastjóri Hard Rock segist hafa fullan skilning á því að sviknir tónleikagestir hafi fengið útrás fyrir gremju sína með eggjakasti. Síðastliðið fimmtudagskvöld átti að fara fram hipp hopp–ball fyrir gagnfræðaskólanema í húsnæði veitingastaðarins við Lækjargötu. Höfðu fjölmörg ungmenni keypt sér miða á gleðina sem Gaman viðburðir stóðu fyrir. Ballið átti að hefjast klukkan 20.00 en eftir tæplega tveggja klukkustunda bið án þess að nokkur listamaður stigi á svið, kom lögregla á vettvang og tilkynnti gestum að ekkert yrði af tónleikunum, því leyfi væru ekki fyrir hendi.

Að sögn Stefáns Magnússonar, framkvæmdastjóra Hard Rock, var um óheppilegt klúður að ræða, en að vinnubrögð lögreglu hefðu verið til fyrirmyndar og sömuleiðis viðbrögð tónleikagesta. „Það var samt skiljanlega mikil gremja. Sumir höfðu komið utan af landi og voru spenntir fyrir ballinu. Ég erfi því ekki eggjakastið," segir Stefán.

> **Nokkrir tónleikagestir lýstu gremju sinni með því að kasta eggjum sem láku niður framhlið veitingastaðarins við Lækjargötu.**

Gaman viðburðir stóðu fyrir viðburðinum, en að sögn Stefáns töldu þeir sig hafa aflað tilskilinna leyfa. Svo reyndist þó ekki vera. „Þeir leigðu af okkur salinn og hafa gert það áður fyrir aðra viðburði sem hafa gengið vel. Það þarf þó að vanda sérstaklega til verka þegar skipulagður er viðburður fyrir ólögráða unglinga og því miður reyndust ekki öll leyfi í húsi," segir Stefán.

Upphaflega ætluðu Gaman viðburðir að bjóða hinum vonsviknu tónleikagestum frítt á annað ball í ágúst. Eftir mótmæli gesta og aðstandenda var ákveðið að endurgreiða þeim sem vildu miðana. – bþ





Ertu nokkuð að gleyma þér?

Skila skal ársreikningum eftir að þeir hafa verið staðfestir á aðalfundi viðkomandi félags, ekki síðar en mánuði eftir aðalfund.

- Forráðamönnum félaga er bent á að lokafrestur til að halda aðalfund og skila ársreikningum rennur út átta mánuðum eftir lok reikningsárs. Forráðamenn eru hvattir til að bregðast skjótt við og senda ársreikning rafrænt þannig að ekki þurfi að koma til sektarákvörðunar.
- Hægt er að ganga úr skugga um hvort að ársreikningi hafi verið skilað til ársreikningaskrár á vefnum **skatturinn.is** undir Fyrirtækjaskrá.
- Vakin er athygli á því að örfélög geta nýtt sér Hnappinn, að því tilskyldu að þau hafi skilað skattframtali. Ef félag nýtir sér Hnappinn þá er farið inn á þjónustusíðuna, **skattur.is** og valið að láta Skattinn útbúa ársreikning félagsins og skila til ársreikningaskrár.
- Senda skal inn til opinberrar birtingar þann ársreikning sem staðfestur var á aðalfundi viðkomandi félags. Ekki er heimilt að breyta eða fella niður neinar upplýsingar í þeim ársreikningi sem sendur er inn til opinberrar birtingar. Ekki er því heimilt að staðfesta hefðbundinn ársreikning á aðalfundi félags en senda svo inn hnappsreikning í stað þess reiknings sem staðfestur var á aðalfundi.

Lokafrestur til að skila ársreikningum rennur út 31. ágúst 2020.

Skatturinn
Fyrirtækjaskrá

fyrirtaekjaskra@skatturinn.is

442 1000

Upplýsingaver opið:
Mán.-fim. 9:00-15:30
Fös. 9:00-14:00

Ráðaleysið



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Donald Trump á ekki sjö dagana sæla um þessar mundir. Reyndar eru dagarnir fleiri ef vel er að gáð. Allt frá því að upptakturinn að forsetakosningum í Bandaríkjunum hófst, hefur heldur sigið á ógæfuhliðina hjá forsetanum hvað fylgið varðar. Enn er þó drjúgur tími fram til kosninganna í nóvember og margt sem getur breytt vígstöðunni.

Fylgiskannanir benda eindregið til að Biden verði næsti forseti Bandaríkjanna. Sá er nú ekki óumdeildur og hefur ýmislegt verið tínt til í því sambandi. Helsti ljóður á hans ráði er sagður vera aldurinn, en hann verður 78 ára þegar nýkjörinn forseti tekur við, hvort sem það verður hann eða Trump. Það er ekki gott að gera neitt við því.

Ýmislegt hefur orðið sitjandi forseta til trafala upp á síðkastið. Helst er það þó ráðaleysið sem forsetinn virðist haldinn í þeim veiruhremmingum sem við er að eiga þar vestra. Ekki er það þó tæmandi talið þar með. Hvert sleifarlagið virðist reka annað. Ef allt um þrýtur er gripið til barnalegra viðbragða á borð við „þú lést mig gera þetta“.

Þá hafa viðbrögð Trumps við vaxandi fjölda smittilfella vakið undrun. Útbreiðslan er skimuninni að kenna. Í nýlegri umfjöllun blaða vestra, tiltaka þau spá hans í upphafi faraldursins, þegar margar þjóðir stóðu agndofa frammi fyrir umfangi faraldursins, að ekki þyrfti að örvænta því veiran myndi bara gufa upp og bóluefni yrði til reiðu mjög, mjög bráðlega.

Trump bendir í allar áttir nema á sig. Ef það eru ekki ríkisstjórarnir, þá er það Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin. Allt er þetta til að breiða yfir vanhæfni til að takast á við vandann og þann efnahagslega darraðardans sem fylgir. Endaleysan gekk svo langt að hann skrúfaði fyrir framlög Bandaríkjamanna til stofnunarinnar.

Nú síðast hefur ráðgjafi stjórnvalda í sóttvarnamálum, Fauci, sá eini fulltrúi bandarískra stjórnvalda sem virðist mæla af einhverju viti opinberlega, orðið fyrir barðinu á forsetanum og liðsmönnum hans. Ef ekki dugar að gera lítið úr því sem Fauci hefur haft fram að færa, er lagt í ófrægingarherferð gegn honum.

Í síðasta mánuði, mitt í svartasta faraldrinum vestra, efndi forsetinn til fjöldafundar í Oklahoma. Mætingin var forsetanum vonbrigði. Allt á sömu bókina lært. Allt kosningastjóranum að kenna og hann rekinn.

Trump setur erlendum námsmönnum skorður með vegabréfsáritanir og bakkar svo út úr því þegar hann rekur í vörðurnar í rökleysunni. Allt virkar þetta fremur tilviljanakennt, vanhugsað og ótraust.

Í vikunni kom út bók eftir Mary L. Trump, sálfræðing og frænku forsetans. Of mikið, en aldrei nóg: hvernig fjölskylda mín skapaði hættulegasta mann í heimi.

Í viðtali við ABC-sjónvarpsstöðina í vikunni, sagði hún í tilefni af útkomu bókarinnar að forsetinn væri fullkomlega óhæfur til að stjórna landinu og hættulegt væri að umbera hann sem forseta. Mary L. Trump er hvorki upphaf né endir neins, en það vekur ugg að orð hennar bergmála í orðum og athöfnum frænda hennar.


Bandaríkin þurfa annan forseta. Heimurinn þarf annan Bandaríkjaforseta.

Ef allt um þrýtur er gripið til barnalegra viðbragða á borð við „þú lést mig gera þetta“.

Gunnar



Mín skoðun Lára G. Sigurðardóttir



Björtu sumarkvöldin

En allir strákarnir mega vera lengur úti, sagði yngsti sonurinn, eitt nýliðið, bjart sumarkvöld þegar við gáfum honum fyrirmæli um að skila sér heim. Í sömu andrá hvarf hugur minn aftur til eigin æsku, þegar ég beitti ítrekað sama frasa í þeirri von að fá að leika lengur úti. Eins og gerst hefði í gær, man ég hve óréttlátt það var að vera skikkuð heim í háttinn þegar vinirnir léku sér enn úti. Og það var bjart sem dagur.

Ein á almannafæri

Í lögum um útivistartíma barna frá árinu 1992 kemur fram að á tímabilinu 1. maí til 1. september lengist útivistartími barna um tvær klukkustundir. Tólf ára og yngri mega þá vera ein á almannafæri til klukkan 22, en þrettán til sextán ára til miðnættis. Þegar heim er komið, má gera ráð fyrir tíma til að koma sér í háttinn, bursta tennur og ná ró – kannski kíkja í símann. Barn sem skilar sér heim á miðnætti er því ef til vill ekki að sofna fyrr en um eitt að nóttu til. Hluta lengda útivistartímans mæta börnin í skóla árla næsta dag og sum vakna til vinnu um sumarið. Barnið fær því ekki tækifæri til að sofa lengur en sex til sjö tíma, sem passar við það sem rannsóknir sýna.

77 prósent svefnvana

Íslensk rannsókn sem birtist í Læknablaðinu í fyrra sýndi að 77 prósent fimmtán ára barna fá ekki nægan svefn. Lengdur útivistartími, ofan á björt sumarkvöld, er ekki beint fallinn til þess að ýta undir heilbrigðar svefnvenjur barna í samfélaginu okkar. Það þekkjum við foreldrarnir.

Eftir besta megni reynum við því að setja eigin reglur um útivistar- og svefntíma, en fyrir því eru gildar ástæður. Við hjónin erum venjulega komin í háttinn áður en útivistartíma barna lýkur og viljum ekki sofna á undan þeim, því við viljum vita um ferðir þeirra. Við viljum vita af börnunum okkar heima svo seint að kvöldi – sjálf lenti ég í því sem unglingur að reynt var að tæla mig upp í bíl undir miðnætti. Og að lokum tökum við ábyrgð á svefnvenjum þeirra.

Boðhlaupið langa

Eitt það besta við íslenska sumarið er birtan, sem fyllir okkur orku. En sólargangur er áhrifamesta merkið sem líffklukkan notar til að stjórna vöku og svefni. Þegar við opnum augun á morgnana í birtu byrjar eins konar boðhlaup taugaboða. Geislar bjarts ljóss senda skilaboð til líffklukkunnar um að það sé kominn dagur. Líffklukkan sendir sína sendisveina áfram, með þau skilaboð að stöðva melatónínsendingar í blóðið. Það sé dagur og því tími til að vinna á akrinum – eða bara leika sér með vinunum. Svo lengi sem það er birta, þá er boðhlaup.

Viss sjarmi felst í gleðinni að leika úti fram á nótt, og hreyfing er ungviðinu holl. En lögin um útivistartíma eru úrelt miðað við stöðu þekkingar í dag og skjóta skökku við í samfélagi snjalltækja, þar sem blátt ljós keppir við náttúrulega birtu um að halda boðhlaupinu gangandi.

Útivistarreglunum er ætlað að tryggja börnum nægan svefn. Á sama tíma sýna tölur svart á hvítu hve alvarlegur svefnvandi íslenskra barna er. Það að ætla að taka á vandamálinu síðar, getur orðið of seint fyrir marga.

Ein lausn í sjónmáli, sem hefur verið rædd á Alþingi, er að laga staðarklukkuna svo líffklukkan gangi í takt við tímann. Við fáum þá hádegi þegar sólin er í hæsta punkti. Þá dimmir fyrr og auðveldara að aðlaga reglur um útivistartíma að heilbrigðum svefnvenjum barna okkar.



FRÉTTABLAÐIÐ **ÚTGÁFUFÉLAG: Torg ehf. STJÓRNARFORMAÐUR**: Helgi Magnússon **FORSTJÓRI OG ÚTGEFANDI:** Jóhanna Helga Viðarsdóttir **RITSTJÓRI:** Jón Þórisson *jon@frettabladid.is*, **FRÉTTASTJÓRAR:** Aðalheiður Ámundadóttir *adalheidur@frettabladid.is* Ari Brynjólfsson *arib@frettabladid.is*, Garðar Örn Úlfarsson *gar@frettabladid.is* **MARKAÐURINN:** Hörður Ægisson *hordur@frettabladid.is* **FRÉTTABLAÐIÐ.IS:** Kristjón Kormákur Guðjónsson *kristjon@frettabladid.is*.
Fréttablaðið kemur út í 80.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871 **FRÉTTABLAÐIÐ Kalkofnsvegur 2, 101 Reykjavík Sími: 550 5000,** *ritstjorn@frettabladid.is* **HELGARBLAÐ:** Björk Eiðsdóttir *bjork@frettabladid.is* **MENNING:** Kolbrún Bergþórsdóttir *kolbrunb@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Anton Brink *anton@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is*

Kjörís

SUMARÍSINN

Mjúkís



MEÐ

SUÐRÆNNI LÍMÓNU

1L



Sumarísinn er vænn og grænn. Hann er svalandi á sjóðheitum stundum og stútfullur af lokkandi límónu. Smakkaðu — og þú kemst í sumarskap.

Hafa verið að gera það gott í Noregi

Alfons Sampsted og Ingibjörg Sigurðardóttir eru að leika glimrandi vel með liðum sínum í norsku úrvalsdeildunum í knattspyrnu. Bodø/Glimt, lið Alfonsar, er með fullt hús stiga og spilamennska Ingibjargar í sigri Vålerenga skilaði henni í lið annarrar umferðar.

FÓTBOLTI Keppnistímabilið er nýfarið af stað í norsku knattspyrnunni en átta umferðir hafa verið leiknar karlamegin og tvær umferðir í kvennadeildinni. Alfons Sampsted og félagar hans hjá Bodø/Glimt eru taplausir á toppnum, og frammistaða Ingibjargar Siguðardóttur í hjarta varnarinnar hjá Vålerenga skilaði henni sæti í liði annarrar umferðarinnar.

„Við erum með lið sem á að blanda sér í toppbaráttuna, en það var auðvitað ekki hægt að búast við því að vera búnir að hafa betur í fyrstu átta leikjum deildarinnar. Fyrir utan það að vera að vinna er leikstíllinn okkar mjög skemmtilegur," segir Alfons í samtali við Fréttablaðið, en Bodø/Glimt hefur skorað 32 mörk í fyrstu átta leikjunum. Þá er sigurhrina liðsins sú lengsta í sögu norsku úrvalsdeildarinnar.

„Uppleggið er að allar sendingar séu fram á við og hafi það að markmiði að skapa sóknarmöguleika. Það er mjög gaman að spila í þessu liði, en ég sem bakvörður fæ mikið frelsi til þess að taka þátt í sóknarleiknum að því gefnu að ég nái að skila mér til baka þegar við missum boltann," segir hann.

„Mér finnst ég líka hafa bætt mig eftir að ég kom hingað. Þá aðallega hvað leikskilning varðar og staðsetningar bæði í varnar- og sóknarleik. Taktískt er ég orðinn öflugri og að mínu mati er ég orðinn betri í að lesa þær stöður sem koma upp í leiknum. Svo kemst ég oft í stöðu til þess að gefa fyrirgjafir og ég hef bætt mig í þeim," segir bakvörðurinn.

„Fyrstu mánuðirnir hérna í Bodø hafa verið bara mjög ljúfir. Þó svo að kórónaveiran hafi verið slæm hafði það góð áhrif fyrir mig, þar sem ég náði að kynnast leikmönnum betur á þeim tíma þar sem við máttum ekki æfa og höfðum meiri tíma til þess að spjalla.



Ingibjörg Sigurðardóttir er í verulega stóru hlutverki hjá Vålerenga, bæði í vörn og sókn, en hún leikur í miðri vörn liðsins. MYND/VÅLERENGA

Mér finnst ég hafa bætt mig eftir að ég kom hingað. Þá aðallega hvað leikskilning varðar og staðsetningar.

Alfons Sampsted



Bodø minnir mig mikið á Akureyri að því leyti að það er smá sveitastemning hérna, en á sama tíma er miðbærinn glæsilegur. Fólkið hérna er mjög vinalegt og það þekkja margir bæjarbúar leikmennina í fótboltaliðinu og taka spjallið við okkur úti á götu.

Eldri stuðningsmennirnir sem koma í kaffistofuna á félagssvæðinu daglega, eru komnir með glit í augun og farnir að láta sig dreyma um verða norskur meistari í fyrsta skipti í sögunni. Við leikmennirnir erum samt sem áður með báða fætur á jörðinni og tökum bara einn leik fyrir í einu," segir Blikinn sem kom til Bodø/Glimt frá Norrköping fyrir þetta keppnistímabil.

Stefna félagsins er að verða besta liðið í Skandínavíu á næstu tveimur til þremur árum.

Ingibjörg Sigurðardóttir



Ingibjörg er, líkt og Alfons, ánægð hjá nýja félaginu sínu en hún gekk til liðs við Vålerenga frá Djurgården í febrúar fyrr á þessu ári. „Þetta auðvitað byrjaði ekki vel þar sem við gátum ekki æft sem lið vegna kórónaveirunnar, en það varð til þess að við æfðum á annan hátt í smærri hópum og ég tengdist leikmönnum sterkari böndum fyrir vikið," segir Ingibjörg í samtali við Fréttablaðið.

„Það komu frekar margir leikmenn til liðsins á sama tíma og við hefðum þegið fleiri leiki á undirbúningstímabilinu til þess að slípa okkur saman. Við erum með marga unga og spennandi leikmenn og stefna félagsins er að verða besta liðið í Skandínavíu á næstu tveimur til þremur árum. Þá er planið að gera sig gildandi í Meistaradeild Evrópu," segir þessi sterki varnarmaður sem gerði tveggja ára samning þegar hún samdi við Vålerenga.

„Okkur var svo spáð góðu gengi í norsku úrvalsdeildinni og margir spáðu okkur meistaratitlinum. Við erum með væntingar um að vera í toppbaráttunni og berjast um að vera í efsta sætinu. Eftir að hafa spilað ýmist hægra megin í þriggja manna varnarlínu, sem bakvörður og vængbakvörður, þá er ég hugsuð í miðjunni í þriggja manna línu hér," segir þessi 22 ára gamli leikmaður.

„Ég er í stóru hlutverki í uppspili liðsins, sem er öðruvísi en ég hef vanist undanfarin ár með Djurgården og landsliðinu. Við erum lið sem vill halda boltanum, sem er líka ólíkt þeim leikstíl sem ég hef vanist undanfarin ár. Mér finnst leikstíll liðsins mjög skemmtilegur og hann hentar mér mjög vel," segir hún.

hjorvaro@frettabladid.is



Krefja bæinn um skaðabætur

DÓMSMÁL ÞG verktakar ehf. hafa stefnt Hafnarfjarðarkaupstað til greiðslu skaðabóta, vegna missis hagnaðar hjá fyrirtækinu sökum ákvörðunar bæjarins um að hafna tilboði þess í útboðsverkið „Knatthús í Kaplakrika – alútboð 2018".

Fyrirtækið krefst þess aðallega að Hafnarfjarðarkaupstað verði gert að greiða 247.492.280 krónur í skaðabætur, og til vara að bærinn greiði ÞG verktökum þann kostnað sem varð af þátttöku í útboðinu og undirbúningi tilboðsins.

Skaðabótakrafa ÞG verktaka ehf. hljóðar upp á 247.492.280 krónur.

Um er að ræða útboð vegna hönnunar og byggingar knatthúss í Kaplakrika og í jarðvinnu og uppsteypu stoðveggja vegna æfingavalla norðan við knatthúsið að Flatahrauni í Hafnarfirði. Þrír bjóðendur voru í verkið en ÞG verktakar áttu lægsta boðið.

Kærunefnd útboðsmála úrskurðaði í nóvember árið 2018 að höfnun Hafnarfjarðarkaupstaðar á tilboði ÞG verktaka væri ólögmæt, þar sem málefnalegar forsendur hefðu ekki legið að baki ákvörðunar bæjarins um að ganga ekki að tilboðinu.

Kveðið er á um skaðabótaskyldu bæjarins í þeim úrskurði en aðilar málsins hafa ekki náð að koma sér saman um upphæð skaðabótanna.

– hó

KRÓNAN

Fáðu töfra innblástur á kronan.is/töfrar

Þegar lífið færir þér sítrónu ...

Töfraðu þá fram SUMAR DRYKK!

TÖFRABRAGÐ SÍTRÓNA Í SUMARDRYKKINN


Franklins drykkir, 200 ml
169 kr. stk.

Fun þykkni, 1 lítri
279 kr. stk.

Calypso límonaði, 473 ml
369 kr. stk

Afgreiðslutímar á www.kronan.is Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl.

FRÉTTABLAÐIÐ
HELGIN
18. JÚLÍ 2020 LAUGARDAGUR



Ármann Jakobsson prófessor og Gunnlaugur Bjarnason, fyrrum nemandi hans, spjalla um íslenskar fornsögur á léttum nótum. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Endurreisa léttan dúr munnlegrar geymdar

Ármann Jakobsson og **Gunnlaugur Bjarnason** taka íslenskar fornsögur fyrir í nýju hlaðvarpi. Þeir leggja áherslu á að draga fram skemmtilega og fyndna þætti sagnanna, að hætti Þórhildar skáldkonu.

Óttar Kolbeinsson Proppé
ottar@frettabladid.is



Flestir virðast hafa nokkuð brenglaðar hugmyndir um íslenskar fornsögur. Margir líta á þær sem hábókmenntir, illskiljanlegar og hátimbraðar frásagnir af ofbeldisfullum forfeðrum okkar við landnám. Þetta er þó misskilningur að sögn Ármanns Jakobssonar, prófessors í bókmenntum fyrri alda við Háskóla Íslands, sem reynir nú ásamt fyrrum nemanda sínum að rétta hlut sagnanna og ýmissa þekktra persóna þeirra í gegnum nýtt miðlunarform: hlaðvarpið Flimtan og fáryrði.

„Þetta er eiginlega gamall draumur minn, að vera með hlaðvarp," segir Ármann. „Ég er náttúrulega að komast á ákveðinn aldur. Í staðinn fyrir að kaupa mér mótorhjól og leðurjakka þá fer ég að gera hluti sem mig hefur dreymt um að gera lengi. Svo gerist það að Gunnlaugur er að vinna fyrir mig í öðru og mér finnst að ég eigi að nýta tækifærið til að hrinda þessu í framkvæmd. Hann er góður félagi í svona hlaðvarp," útskýrir hann. Verkefnið er nú styrkt af Háskóla Íslands.

Tíundu aldar Tina Fey

Form hlaðvarpsins er nokkuð frjálslegt og hentar það þeim Ármanni og Gunnlaugi Bjarnasyni vel, til að ná fram sínum áherslum í umfjöllun um fornsögurnar. Gunnlaugur spilar hlutverk nemandans sem spyr prófessorinn spjörunum úr – líka að heimskulegu spurningunum. „Sumir hafa nú sagt að ég spili mig dálítið vitlausan í þáttunum, en því er eiginlega öfugt farið. Ég veit í raun miklu minna en ég þykist vita," segir Gunnlaugur á léttum nótum, en hann er sjálfur menntaður íslenskufræðingur.

„Lykilatriðið er að þetta er allt í léttum dúr," segir Ármann. Hann mætir í hvern þátt með ákveðin áhersluatriði „en annars virkar þetta bara eins og kaffispjall. Það er eins og við höfum kannski hist í fermingarveislu og byrjað að ræða Íslendingasögurnar."

„Eins og maður gerir iðulega í fermingarveislum," tekur Gunnlaugur undir með honum. „Hlaðvarpið er gott til að sýna það, að íslenskar fornbókmenntir eru ekki svona hátimbraðar eins og við viljum kannski ímynda okkur að þær séu. Þetta eru oft mjög fyndnar sögur og hlaðvarpið dregur það ágætlega fram."

„Og þetta er allt samkvæmt minni hugmyndafræði um miðlun," segir Ármann þá. „Ég held að fólk muni best það sem það heyrir í svona léttu spjalli, en ekki það sem það les af glæru í skólastofu. Það fer inn og beint aftur út. Þetta þarf að vera í léttum dúr."

Nafn hlaðvarpsins, Flimtan og fáryrði, vísar einmitt í þennan létta dúr og íkon þáttarins, Þórhildi skáldkonu. „Þórhildur skáldkona er svo ótrúlega merkileg persóna, því hún er einmitt fulltrúi hins létta dúrs! Hún er orðgífur og fer með flimtan. Það er eitthvað sem fólk hugsar ekki mikið um í tengslum við Íslendingasögur: skáldkonan sem er alltaf að segja brandara. Hún er svona Tina Fey síns tíma," segir Ármann glottandi.

Þórhildi bregður fyrir í Brennu-Njáls sögu í veislu heima hjá Gunnari á Hlíðarenda. Þar skilur eiginmaður hennar við hana í miðri veislu eftir að hún kveður til hans níðvísu og sakar hana um að fara með „flimtan og fáryrði". Tilefni níðkveðskaparins gætu þó eflaust margir sagt ærið; eiginmanninum hafði verið starsýnt á fjórtán ára gamla stúlku allt kvöldið, sem hann endaði svo raunar á að giftast eftir skilnaðinn við Þórhildi.

> HLAÐVARPIÐ ER GOTT TIL AÐ SÝNA ÞAÐ, AÐ ÍSLENSKAR FORNBÓKMENNTIR ERU EKKI SVONA HÁTIMBRAÐAR EINS OG VIÐ VILJUM KANNSKI ÍMYNDA OKKUR AÐ ÞÆR SÉU.

„Með því að gera hana að okkar leiðarljósi þá erum við í raun og veru að endurreisa hinn létta dúr í Íslendingasögunum. Þær hafa kannski misst þetta Netflix-eðli sitt, sem þær höfðu alveg örugglega á sínum tíma. Sögurnar voru fyrst og fremst eitthvað sem að allir hámhorfðu, eða hámhlustuðu á, öllu heldur," útskýrir Ármann.

Frá salernisferðum til bræðrasambanda

Umfjöllunarefni þáttanna er því nokkuð óhefðbundið. Þeir félagar reyna að draga fram skemmtilega eða áhugaverða þætti í sögunum, sem gætu auðveldlega farið fram hjá hinum almenna lesanda. Hér er því ekki verið að ræða langþreyttar pælingar um það hver hafi skrifað hvaða sögu, eða hvort þær lýsi atburðum sem áttu sér stað í raunveruleikanum eða ekki.

„Við tölum meira um það sem nútímafræðimenn eru að ræða. Það geta verið alls konar hlutir, eins og áhrif stéttar eða kynferðis. Í síðasta þætti ræddum við til dæmis mun einkalífs og opinbers lífs á miðöldum," heldur Ármann áfram. Blaðamaður komst síðar að því, eftir að hafa hlustað á umræddan þátt, að Ármann eigi hér við salernisferðir miðaldamannsins og hvernig ýmsar djöfullegar verur gátu orðið á vegi hans á slíkum ferðum. Í öðrum þáttum er einnig rætt um bræðrasambönd, félagslegt hlutverk galdurs og kynlífshegðun í sögunum, svo eitthvað sé nefnt.

En eiga þáttastjórnendur sér uppáhaldsfornsögu?

Gunnlaugur er ekki lengi að hugsa sig um: „Króka-Refs saga," segir hann, handviss á sínu. „Hún er alveg gjörsamlega sturluð."


Prófessorinn er ekki alveg jafn meðfærilegur í sínum svörum: „Bókmenntafræðingar eiga sér ekkert eftirlætisbókmenntir. Að eiga eftirlætis-eitthvað er bara fyrir þá sem njóta þess í frístundum. Um leið og maður er orðinn fagmaður, þá er þetta ekki lengur spurning um það."

Eftir smá umræðu viðurkennir hann þó að auðvitað haldi hann upp á ákveðnar sögur, eða þyki sumar betri en aðrar. „Já, já, en fólk sér það bara þegar það kemur heim til manns og sér bókahillurnar. Alla jafna vil ég helst ekki tala um það."

Streymisveitan Spotify er vettvangur Ármanns og Gunnlaugs. Þar má nálgast alla þá þætti sem komnir eru út af Flimtan og fáryrðum, en nýr þáttur kemur á hverjum mánudegi. Hlaðvarpið hyggjast þeir gefa út vikulega fram á haust og jafnvel til jóla, ef vel gengur.

Þar má því nálgast efni fornsagnanna á hinn upprunalega máta: í gegnum munnlegar frásagnir fróðra manna.

SAMFERÐA Í SÖFNIN



Um allt land er að finna forvitnileg hús og fjölbreytileg söfn
sem hlotið hafa viðurkenningu safnaráðs fyrir faglega starfsemi.

Viltu kíkja í torfbæ?
Viltu kanna líf og starf landans gegnum aldirnar?
Viltu ganga til bæna í sögulegri kirkju?
Eða viltu kynnast öðrum kimum menningararfsins?

Verum samferða.

www.thjodminjasafn.is

ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS

ÍSLENSKU SAFNAVERÐLAUNIN
2020



BROOKE
Borðstofustóll. Dökkgrátt, bleikt, svart eða grábrúnt sléttflauel. Einnig grátt eða brúnt áklæði.

16.992 kr. ~~19.990 kr.~~



HAVANA
Hægindastóll með snúningi. Slitsterkt ólívugrænt áklæði.

84.990 kr.



POLLA
Hægindastóll og skemill. Grátt rifflað flauel og góður svampur í setu og baki. Skemmtilegt stungið bak og skemill. Svartir málmfætur.

Stóll (kynningarverð)
33.992 kr. ~~39.990 kr.~~

Skemill (kynningarverð)
9.342 kr. ~~10.990 kr.~~



CANNES
Hægindastóll m/skemli. Koníaksbrúnt, svart eða grátt leður.

144.990 kr.



MEXICO
Hægindastóll. Sinnepsgult eða grænt sléttflauel. Snúningsfótur.

94.990 kr.



PINTO
Hornsófi úr sterku bonded leðri (leðurblöndu). Fáanlegur grá- eða koníaksbrúnn. Fætur úr sterku, svörtu járni. Hægri eða vinstri tunga, ekki færanleg.
Stærð: 29 x 97 x 85 cm

339.990 kr.

AVILA
Glæsilegur sófi í Avila línunni, fæst 2ja og 3ja sæta. Armar eru breiðir, setpullur háar og í hluta baks er saumað tíglamynstur. Fætur eru úr tveimur svörtum járnbogum.



Stærð 2ja sæta: 190 × 94 × 77 cm
135.992 kr. ~~159.990 kr.~~

Stærð 3ja sæta: 230 × 94 × 77 cm
152.992 kr. ~~179.990 kr.~~

Verti
COPENHAGEN

VERTI VEGGVASARNIR
ERU FRAMLEIDDIR Á
SJÁLFBÆRAN HÁTT
ÚR PRESSUÐUM PLÖNTUMASSA
STÆRRI VASINN ER TIL Í
SVÖRTU, HVÍTU OG GRÁU.
MINNI VASINN ER TIL Í MÖRGUM LITUM



Veggvasi
30x30 cm
7.990 kr.

Veggvasar
15x15cm
4.990 kr. stk





Reykjavík Bíldshöfði 20
11 – 18 virka daga
11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri Dalsbraut 1
11 – 18 virka daga
11 – 16 laugardaga

Ísafjörður Skeiði 1

www.husgagnahollin.is
558 1100

Verð og vöruupplýsingar í auglýsingunni eru birtar með fyrirvara um prentvillur. Yfirstrikað verð sýnir fullt verð vöru. Afsláttarverð gilda til 15. ágúst eða á meðan birgðir endast

NÝTT OG FALLEGT Í HÖLLINNI







BILOXI

Huggulegur 3ja sæta sófi með svörtum, nettum málmfótum. Fáanlegur í annars vegar ljósgráu áklæði og hins vegar tveimur litum í sléttflaueli, koparrauðum og dökkgráum. Stærð: 200 x 84,5 x 80 cm

79.992 kr. ~~99.990 kr.~~







RIMINI

Flottur sófi sem fæst í 2,5 og 3ja sæta í sinnepsgulu eða brúnu velúráklæði með djúpa, samlita hnappa í baki. Sófinn hefur sterka, svarta járnfætur. Fyrir betri endingu er svampurinn í innra byrði sófanna kaldpressaður. Retró útlit og nútímaþægindi.

2,5 sæta, stærð: 176 x 90 x 72 cm
109.990 kr.

3ja sæta, stærð: 216 x 90 x 72 cm
119.990 kr.

Þú finnur bæklinginn
husgagnahollin.is

HÚSGAGNA HÖLLIN



Elísabet byggir á traustum grunni hestamennskunnar. „Ég er náttúrulega alin upp við hestamennsku. Bara frá því ég fæddist, þannig að ég þekki þessi dýr mjög vel.“ FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is

Sigraðist á krabba og skellti á skeið

Þegar hestakonan **Elísabet Sveinsdóttir** fór í fyrsta skipti á bak eftir brjóstnám, datt henni í hug að hestar gætu hjálpað börnum í vanda og í vetur byrjaði hún með meðferðarúrræðið Treystu mér.

Þeir náðu öllu og ég er komin alveg yfir þetta. Orðin krabbafrí. Ég fór í allan pakkann í byrjun janúar 2013. Brjóstnám og lyfjameðferð sem fór mjög illa í mig og ég hef í sjálfu sér ekki náð mér að fullu eftir hana,“ segir kennarinn, hestakonan og knattspyrnuþjálfarinn Elísabet Sveinsdóttir, sem greindist með brjóstakrabbamein í desember 2012 og segja má að hafi komist á hestbaki í gegnum erfiða læknismeðferðina og það sem henni fylgdi.

Elísabet segir að eftir lyfjameðferðina hafi hún glímt við minnisleysi, mátt- og þróttleysi, en dýrin hennar hafi hjálpað henni mikið á skrykkjóttum bataveginum. „Ég þurfti alveg að forrita mig upp á nýtt og skilja mörkin upp á nýtt, en þau voru náttúrlega orðin allt önnur en þau voru,“ segir Elísabet um mörk, sem hún þurfti ekki síst að setja sjálfri sér.

„Það er ekkert mjög langt síðan að ég fór að geta hólfað dagana niður og valið mér verkefni yfir daginn, þannig að ég yrði ekki eins og flak og algerlega búin á því næstu tvo daga á eftir.

Dýrin mín hafa náttúrlega komið mikið inn í þetta. Ég á hunda, kött og hesta og það heldur manni gangandi á vissan hátt að þurfa að fara út með hundinn og sinna hrossunum. Það hefur bara í rauninni haldið í mér lífinu. Það er bara algjörlega þannig.“

Hugljómun á hesti

Elísabet segir hestana og nálægðina við þá hafa riðið baggamuninn og þegar hún komst aftur á bak gæðingsins Hramms frá Galtastöðum, í fyrsta sinn eftir aðgerðina, hafi hugurinn skellt á skeið og hún fékk hugmyndina að því hvernig hún gæti nýtt bæði þekkingu sína og þá jákvæðu strauma sem hún fær frá hrossunum, til þess að hjálpa öðrum.

„Ég var ekkert búin að pæla í þessu áður og þetta gerist bara þarna þegar ég er á baki. Maður getur eiginlega ekki útskýrt þetta fyrr en maður lendir í þessu sjálfur og það varð bara einhver tenging þarna.

Hann bara fann að ég var ekki alveg hundrað prósent og hlustaði einhvern veginn betur á mig og upp frá þessu breyttist samband okkar. Ég þurfti eiginlega ekkert að taka í tauminn og talaði bara við hann með hljóðmerkjum og upp úr þessu fór ég að hugsa hvernig og hvort ég gæti ekki einhvern veginn yfirfært þessa reynslu og notað hana til þess að hjálpa öðrum.“

Elísabet segir að hún hafi frá fyrstu stundu eðlilega pælt í þessu með börn í huga. „Vegna þess að ég er auðvitað bara vön að vinna með börnum, sem grunnskólakennari, þjálfari og allt þetta,“ segir Elísabet, sem óhætt er að segja að hafi velt hugmyndinni fyrir sér vel og lengi, þar sem eitthvað um sex ár liðu þar til hún byrjaði að þróa meðferðarúrræðið fyrir alvöru.

Lausari taumur

„Ég var í algjöru fríi í sex vikur eftir aðgerðina og mátti ekki gera neitt og náði mér bara í næringu og orku með því að fara út í hesthús og vera þar. Þegar ég fékk svo að fara á bak þá valdi ég þann klár sem ég er vön að vera á,“ segir Elísabet um afdrifaríkan reiðtúrinn.

„Ég var bæði spennt og stressuð en það var ekki til í mér að ég væri hrædd við hann eða að fara á hestbak. Ég var stressuð en hlakkaði samt ofsalega til,“ segir Elísabet sem lét áhyggjur og varnaðarorð elstu dóttur sinnar sem vind um eyru þjóta.

„Hún sagði að ég væri brjáluð og að ég færi ekkert á honum. Hann væri allt of viljugur og að ég gæti ekkert riðið honum núna. Ég tók ekkert annað í mál en ég færi bara á þann hest sem ég þekki best og settist á bak, en hún stóð eftir á gangstéttinni og tók alveg fyrir augun og hugsaði: „Jesús minn, þetta á eftir að enda illa,“ þegar hún horfði á eftir mér.

Nema hvað, að það má segja að það hafi eitthvað gerst í þessum reiðtúr,“ segir Elísabet, sem óafvitandi lagði á nýjar slóðir á baki Hramms. „Ég hugsaði þetta bara út frá því hvernig þetta hjálpaði mér. Bara með kvíða og þunglyndi og þetta snýst ekkert endilega um að fara á hestbak. Það er í rauninni bara bónusinn.

Þetta snýst bara um að vera. Um samneytið og að skynja það þegar þeim finnst eitthvað gott sem maður er að gera. Hvernig svörunin, annað hvort jákvæð eða neikvæð, kemur um leið. Þeir eru ekkert að segja já og meina nei.“

> ÉG VAR EKKERT BÚIN AÐ PÆLA Í ÞESSU ÁÐUR OG ÞETTA GERIST BARA ÞARNA ÞEGAR ÉG ER Á BAKI. MAÐUR GETUR EIGINLEGA EKKI ÚTSKÝRT ÞETTA FYRR EN MAÐUR LENDIR Í ÞESSU SJÁLFUR.

Einn af fjölskyldunni

„Hann er allur blessaður. Hann var felldur í vor,“ segir Elísabet um Hramm frá Galtastöðum, fákinn sem fór með henni fyrsta spölinn í bataferlinu. „Við fengum hann þegar hann var sex vetra og hann varð átján í vor og þessi hestur er búinn að reynast okkur systrum alveg ofsalega vel.“

Ragnhildur Sveinsdóttir, systir Elísabetar sem hefur lengi búið erlendis, átti hestinn. „Ég sá bara um hann og var bara alveg með hann á mínum snærum. Ég hef riðið honum bæði í reiðtúrum og keppnum og Ragga hefur riðið honum þegar hún hefur komið til landsins, og báðar stelpurnar mínar hafa keppt á honum.

Hann hefur verið hluti af fjölskyldunni bara alveg frá því hann kom, og stelpurnar mínar sögðu alltaf að hann væri fjórða barnið,“ segir Elísabet og hlær.

Treystu mér

„Hrossin kenna okkur alveg jafn mikið og við kennum þeim þegar fram í sækir. Þau eru náttúrlega bara eins misjöfn og þau eru mörg. Eins og mannfólkið. Hestarnir eru líka haldnir kvíða og finna líka fyrir spennu. Þeir geta verið þunglyndir og eru líka, þú veist, feitir, mjóir, litlir, stórir,“ segir Elísabet um hina ýmsu snertifleti hesta og manna.

„Skynjunin hjá þeim er bara svo sterk. Þeir lesa þig í rauninni bara eins og opna bók þegar þú kemur inn í hesthús. Ertu með góða viðveru? Vilja þeir koma til þín? Vilja þeir vera hjá þér? Eða ekki? Þú veist líka að ef þeir finna að þeir geta treyst þér, að þá geturðu næstum leitt þá í hvað sem er,“ segir Elísabet og er þá ef til vill komin að kjarnanum í meðferðarúrræðinu, sem hún kallar Treystu mér.

„Af því að það er einhvern veginn þannig að þegar dýrunum líður vel, þá smitast það yfir í okkur og þegar krakkarnir finna traustið hjá hrossinu, þá fara þau að treysta því.

Þannig myndast bara einhvern veginn þetta samband sem kannski næst ekki þegar þau eru í þessu skólaumhverfi okkar, sem ætlast til einhvers af þeim sem þau eru kannski ekki fær um að veita,“ segir Elísabet og bætir við að þannig geti

Framhald á síðu 18 ▶

Ennþá meira úrval af listavörum

WorkPlus
Strigar frá kr. 195







Kolibri penslar
Handgerðir þýskir penslar
í hæsta gæðaflokki
á afar hagstæðu verði





kolibri®

Kolibri trönur
í miklu úrvali, gæða-
vara á góðu verði











Íblöndunarefni fyrir akrýl og olíuliti.



AMSTERDAM ALL ACRYLICS dream × create
van Gogh The Quality Brand
REMBRANDT The Professional Choice

Listverslun.is

2019 Framúrskarandi fyrirtæki

Verkfæralagerinn

Smáratorgi 1, 201 Kópavogi, sími 588 6090, vl@verkfaeralagerinn.is
Mán.-fim. kl. 9-18, fös. kl. 9-18:30, lau. kl. 10-18, sun. kl. 12-17

Framhald af síðu 16 ◄

skepnurnar auðveldað krökkunum að leggja niður varnir og læra að treysta.“

Tölt gegnum kvíðann

„Ég prufukeyrði þetta í vetur og eins og er vinn ég þetta í samráði við fjölskyldusvið Árborgar. Ég fæ skjólstæðinga þaðan og ákveð í samráði við félagsráðgjafana eða barnaverndarnefndina hvað skuli vinna með,“ segir Elísabet sem fær til sín börn sem glíma við kvíða og námsleiða, svo eitthvað sé nefnt.

„Þau tóku bara rosalega vel í þetta og að fá mig inn í flóruna,“ segir Elísabet um góð viðbrögð félagsþjónustu sveitarfélagsins við hugmyndum hennar. „Ég er búin að gera samning við Árborg, en svo geta náttúrlega foreldrar barna sem þurfa aðstoð alveg leitað til mín beint líka.

Ég var með stúlku sem kom til mín þrisvar í viku í vetur. Þá byrjaði hún daginn með mér úti í hesthúsi að sinna hestunum og svo keyrði ég hana í skólann, þar sem henni leið betur eftir að hafa farið svona inn í daginn.

Svo fékk ég líka strák til mín í vor og hann kom einu sinni í viku. Þá byrjuðum við bara í hesthúsinu og fórum í stuttan reiðtúr. Það er miklu skemmtilegra að vera hér í reiðtúr heldur en í íslenskutíma og ég veit að hann kemur aftur til mín í haust,“ segir Elísabet og hlær.

Alltaf í boltanum

Elísabet ólst upp í Kópavogi og æfði knattspyrnu með Breiðabliki og var heldur betur frek til fjörsins þegar stelpuboltinn var að ryðja sér til rúms um miðjan níunda áratuginn.

„Ég spilaði minn síðasta leik 2012 með Hetti á Egilsstöðum, en ég bjó á Egilstöðum þegar ég greindist,“ segir Elísabet sem er þó enn í boltanum sem þjálfari á Selfossi.

Breiðablik var á mikilli siglingu þegar Elísabet spilaði með liðinu og raðaði inn mörkunum, ekki síst á Gull- og silfurmótinu, en til þess forvera Símamótsins stofnuðu nokkrir feður Blikastelpna 1985, til þess að stelpurnar fengju að keppa á alvöru móti.

„Ég er mjög stolt af því að geta sagt að það voru á sínum tíma pabbarnir okkar í 3. flokki kvenna í Breiðabliki, sem stofnuðu það sem er Símamótið í dag í kringum rassinn á okkur svo að við fengjum fleiri leiki og meira að gera.“

Mótið heppnaðist það vel að það varð að árvissum viðburði, sem breyttist þegar fram liðu stundir í Símamótið. Stelpum og liðum sem tóku þátt fjölgaði jafnt og þétt frá 1985 og mótið 1992 sló öll met, þegar um 840 stúlkur mættu til leiks.

„Við vorum ekki eins margar á æfingum og þær eru núna. Alls ekki,“ segir Elísabet og hlær. „Þegar þetta er að gerast erum við tíu, ellefu, tólf ára og þá voru fjögur lið með einhvern stelpubolta,“ heldur Elísabet áfram og bendir á að á fyrsta Gull- og silfurmótinu hafi aðeins fjögur lið mætt til leiks. „Svo gerist bara eitthvað þarna á næstu árunum á eftir.“

Lítur stolt um öxl

Elísabet segir vissulega margt, en alls ekki allt, hafa breyst til batnaðar. „Auðvitað hefur þetta breyst innan félaganna og stelpurnar eru, hvað á maður að segja? Þær eru náttúrlega komnar á hærri stall en þær voru. Guð minn almáttugur,“ segir Elísabet og rifjar upp dæmisögu úr fortíðinni.

„Við vorum einhvern tímann á æfingu hjá meistaraflokki Breiðabliks og vorum þá á toppnum í 1. deildinni, vorum í titlabaráttunni og öllu þessu. Við vorum á toppnum en stráknarnir, sem komu á æfingu á eftir okkur og voru þá í 2. deild eða eitthvað, voru allir í æfingasettum. Og þá voru þau fleygu orð sögð við okkur að strákarnir fá búnað til að ná árangri, en við þurfum að ná árangri til að fá búnaðinn. Þetta



Elísabet fékk hugljómun og „eitthvað gerðist“ þegar hún komst loksins aftur á bak Hramms sem var í raun sem einn af fjölskyldunni. MYND/ PETRA LÖNNQVIST

Treystu mér

Meðferðarúrræðið sem Elísabet hugsar fyrir börn sem eiga við andlega erfiðleika eða frávik, byggir hún meðal annars á eigin reynslu og erlendum rannsóknum, sem sýna fram á að umgengni við dýr opni á fleiri og aðra möguleika til að nálgast börn sem eiga í andlegum erfiðleikum.

Meðferðin felur í sér samneyti við hesta og umgengni við þá, þar sem Elísabet vinnur með eitt barn í einu og hrossið er umgengist á forsendum þess. Börnin umgangast hestinn og hundana bæði inni í hesthúsinu sem og úti í gerði.

Engin krafa er gerð um að þau eigi að snerta eða koma nálægt hestinum, en þá er hægt að setjast niður í heyið og spjalla um hestana. Það getur oft brotið ísinn að tala um þá, eða við þá, og þá er hægt að vinna traust skjólstæðingsins með samtalinu, sem og nálægðinni við hestinn, skref fyrir skref.

Börnin læra ýmislegt um hesta, atferli þeirra og ýmis einkenni í fari þeirra. Einnig er farið í umhirðu, til dæmis með því að fóðra hrossin, kemba þau og strjúka.

Ef tilefni gefst og forsendur eru fyrir hendi, stendur barninu til boða að fara á hestbak þar sem Elísabet teymir undir, eða ríður öðrum hesti og er með taum á milli.

Allt samneyti barnsins við hestinn fer fram undir eftirliti og leiðsögn Elísabetar. Fyllsta öryggis er gætt og eru helstu öryggisatriði og búnaður fyrir hendi.



Elísabet Sveinsdóttir, fyrirliði 2. flokks Breiðabliks, hampar hér hinum eftirsóttu Íslandsmeistarabikar. Elísabet hefur orðið Íslandsmeistari í öllum flokkum nema 4. flokki eins og reyndar fleiri stúlkur í Íslandsmeistaraliði Breiðabliks.



Elísabet í stórsókn á íþróttasíðum DV. Annars vegar gegn Þrótti Neskaupstað 1991, og 1992 þegar hún hampaði Íslandsmeistarabikarnum sem fyrirliði 2. flokks Breiðabliks.

loðir enn þá við og ekki bara hérna, heldur út um allan heim.“

Elísabet segist líta stolt um öxl yfir knattspyrnuferilinn. „Ég er mjög stolt og mér finnst ekki síst frábært að þetta Símamót, gamla Gull- og silfurmótið, sem er hápunktur sumarsins hjá mörgum fótboltastelpum, hafi verið búið til á sínum tíma fyrir okkur. Það var mikið gert í kringum þetta og við fengum handgerða verðlaunapeninga. Ég man bara eftir því þegar Linda Péturs kom að afhenda verðlaunin. Það var rosalegt sko. Það var bara svakalegt. Maður stóð bara með stjörnur í augum.“

Ekkert væl

Þótt Elísabet hafi lagt takkaskóna á hilluna fyrir átta árum er hún enn í boltanum, sem aðstoðarþjálfari 3. flokks kvenna á Selfossi. „Það er ógeðslega gaman að þjálfa og að geta miðlað því sem maður kann. Ég er náttúrlega kannski svolítið af gamla skólanum, en íþróttin er náttúrlega alveg sú sama.“

Elísabet segir þau Tomasz Luba, aðalþjálfara, hafa komist niður á mjög rökrétta verkaskiptingu. „Hann er kannski meira í fótboltalega þættinum og því öllu. Hann er rosalega flottur í því og þeim æfingum og ég er meira í andlega þættinum. Ég tækla hausinn á þeim meira.

Bara út frá því að hafa verið stelpa í þessu sjálf, og svo er ég náttúrlega með mína menntun og fleira, þannig að ég get svolítið tæklað þær öðruvísi en hann. Svo er líka gott að hafa Fanneyju Úlfarsdóttur með okkur, því hún er líka flottur þjálfari og kemur með enn aðra sýn á móts við okkur Tomasz.

Þetta er ágæt verkaskipting og ég reyni að miðla minni reynslu til þeirra á ýmsum sviðum og pressa á þær með hvatningu og jákvæðum punktum. Það þýðir ekkert fyrir þær að ætla að væla eitthvað í mér,“ segir Elísabet og leggur áherslu á að hún sé vel meðvituð um, og hafi í huga, að hún er með brjálað keppnisskap.

Hugsa eins og Dorrit

„Ég var náttúrlega bara biluð í keppnisskapinu. Algjörlega. Ég hef heyrt það núna á seinni árum þegar maður er orðin fullorðin og hittir einhverja sem voru að æfa með manni, að maður var víst ekkert lamb að leika við.“

Elísabet segir keppnisskapið enn til staðar og að það blossi upp í öllu sem hún tekur sér fyrir hendur. „Ég hef kannski aðeins náð tökum á þessu eftir að ég þurfti að endurforrita hvernig ég hugsa hlutina og fór að reyna að hugsa stundum eins og Dorrit.“ Þetta þarfnast vitaskuld frekari skýringa og ekki stendur á þeim.

„Einhvern tímann heyrði ég að Dorrit hefði sagt að ef hana langar í eitthvað þá bíði hún í þrjá daga og ef hana langar enn þá í það eftir umhugsunartímann, þá geri hún eitthvað í því.

Ég heyrði þetta einhvern tímann og ég hef oft hugsað um þetta. Þótt mig langi í eitthvað, eða að gera eitthvað, þá ætla ég núna að gera eins og Dorrit og hugsa þetta svolítið lengur og sjá til. Annað hvort gleymi ég því eða verð áfram að hugsa um þetta og þá gerist eitthvað.

Þetta er hluti af þessari endurforritun, því að ég get hvorki ætlast til þess af sjálfri mér eða öðrum að það þurfi alltaf að vera allt í botni,“ segir Elísabet og vitnar í tíðar umvandanir sonar síns: „Mamma það þarf ekki allt að vera keppni,“ áður en hún svarar þeirri ábendingu ákveðið og skellihlæjandi: „Víst!“

STRÁKARNIR FÁ BÚNAÐ TIL AÐ NÁ ÁRANGRI EN VIÐ ÞURFUM AÐ NÁ ÁRANGRI TIL AÐ FÁ BÚNAÐINN.

Libby's®

Þetta verður grillað sumar







Gráa húsið vinstra megin á myndinni er gistiheimilið Gullsól. Veitingastaðurinn Krían og Búðin eru fyrir miðju og lengst til hægri sést í annað af tveimur raðhúsum í Grímsey. MYND/AUÐUNN NÍELSSON

Gunnþóra Gunnarsdóttir
gun@frettabladid.is



Ertu á leið inn í þorp?

Hásumar og heillandi að ferðast um landið okkar. Nóttin björt, hvergi þó bjartari en í Grímsey, sem liggur um 40 kílómetra frá landi og teygir sig norður fyrir heimskautsbaug. Þar er líka gott mannlíf.

Það má búast við ókyrrð í lofti út Eyjafjörðinn," tekur flugstjóri Norlandair-vélarinnar fram, þegar hann undirbýr okkur farþegana undir hálftíma flug frá Akureyri til Grímseyjar. Þá ókyrrð verð ég þó ekkert vör við, því athyglin er á því sem fyrir augun ber, hvanngrænt Höfðahverfið og Látraströndina með sæbratta hamra í sjó fram en gróðursælar hlíðar á milli. Utan við Gjögurtá víkkar sjóndeildarhringurinn, í fjarska marir Flatey í kafi og enn fjær glittir í Lundey. En fyrr en varir er lent í Grímsey. Þar með rætist gamall draumur.

„Ertu á leið inn í þorp?" spyr vingjarnleg kona, Inga að nafni, og býður mér far. Hún skilar mér á gistiheimilið Gullsól sem ég á pantað herbergi í. Tvö reisuleg gistiheimili eru í Grímsey, hvort við sína lífæð eyjarinnar; Básar við flugvöllinn og Gullsól við höfnina. Auk þess tekur Halla Ingólfsdóttir eigin hópa í gistingu, hún rekur fyrirtækið Arctic Trip og er með alhliða ferðaþjónustu.

Inga bendir mér á sundlaugina, Búðina og veitingastaðinn Kríuna. Á neðri hæð Gullsólar er Gallerí Sól með kúnst heimafólks og kaffi og með'ði. Ég tylli mér við borð á pallinum þar utan við um stund og anda að mér staðnum. Vindur er stífur úr suðri fram á síðdegið, þá dettur á dúnalogn. Best að rölta.

Svartfuglsegg á leiðum

Klettasnasir og víkur skiptast á þegar bjargbrúnin er þrædd suður að vitanum, sem hefur sent sjófarendum kveðju sína í yfir áttatíu ár. Formfagrar bergmyndanir með stöpum og stuðlum mæta augum á þeirri leið, að ekki sé minnst á breiður af skarfakáli og aragrúa fugla sem hér lifa óáreittir af tófum, minkum, köttum, hundum, rottum og músum. Krían er yfir og allt um kring, en lætur þó vera að gogga í hausinn á mér og lundinn í brúnunum virðist jafn forvitinn um mig og ég um hann.

Á heimleið labba ég meðfram byggðinni. Húsum heimamanna, bæði brottfluttra og búandi í eynni, er langflestum vel haldið við. Ég staldra við hjá Miðgarðakirkju, les á legsteinana, sumir sem þar hvíla voru þjóðsagnapersónur í lifanda lífi, svo sem hún Inga Jóhannesdóttir úr Fjörðum sem varð 101 árs og var á tímabili langamma allra barna í skólanum. Svartfuglsegg hafa verið lögð á leiðin. Það er fallegt.

Leiktækin utan við skólann vitna um mannlífið í Grímsey eins og það var fyrir fáum árum, þar er meira að segja marglit hoppdýna, öðru nafni ærslabelgur, en leiksvæðið er autt og hljótt þessa stundina og ekkert skólahald var í eynni síðasta vetur.

Nóttlaus voraldar veröld

Ég tek í snerilinn á veitingahúsinu Kríunni, jú, þar er opið og þó nokkuð af fólki, þó enginn bíll standi utan við, enda staðurinn í göngufæri frá öllum í eyjunni. Þær eru tvær að afgreiða, Unnur Ingólfsdóttir, sem á Kríuna og Aleksandra Gorzkowska. Ég fæ mér girnilegan fiskrétt af matseðlinum og eftir því góðan. Kemst fljótt í kynni við heimafólk og gesti og stemningin er góð á staðnum, svo kvöldið líður fljótt. „Viljið þið ekki koma í siglingu kringum eyjuna?" spyr Svafar Gylfason, maður Unnar, og stendur upp. Auðvitað eru allir til í það og halda glaðir niður að höfn, þar bíður okkar Konráð, einn af bátunum hans Svafars. Hann er nýbúinn að bæta einum fiskibát við sem hann





Stórsöngvararnir Gylfi og Ragnar fóru létt með að yfirgnæfa fuglagargið í björgunum. MYND/GUN





Lundinn hefur næstum jafn mikinn áhuga á fólki og fólk á honum. MYND/ AUÐUNN NÍELSSON

MÉR LÍÐUR EINS OG TRALLA Í BÓKINNI SEM ÉG LAS FYRIR BÖRNIN MÍN UNG, HANN BJÓ LANGT NORÐUR Í HÖFUM ÞAR SEM SÓLIN ALDREI SEST OG ÞURFTI ÞVÍ ALDREI AÐ FARA Í RÚMIÐ.



Þegar komið var úr hringferðinni um miðnætti, prófuðu Svafar og Unnur nýja gúmmíbátinn. MYND/GUN



Byggðin teygir sig frá Sandvík suður eftir eyjunni. MYND/AUÐUNN NÍELSSON



Velgjörðamannsins Fiske minnst á torgi

Ofan við höfnina er snoturt torg til heiðurs Daniel Willard Fiske (1831-1904), velgjörðamanni Grímseyinga. Þar eru taflborð, bekkir, fræðsluskilti og listaverk.

Fiske var bandarískur fræðimaður sem heimsótti Ísland undir lok 19. aldar og þó hann sigldi framhjá Grímsey heillaðist hann af lífsbaráttu íbúanna og skákáhuga sem honum barst til eyrna. Ákvað því að gefa þangað fé til bókakaupa og töfl á hvert heimili.


Grímseyingar halda jafnan þjóðhátíð 11. nóvember, á fæðingardegi Fiske.



Miðgarðakirkja var byggð 1867 en gerð upp 1932. MYND/AUÐUNN NÍELSSON



Dagný Hauksdóttir, Arna Björk Gylfadóttir og Ingólfur Bjarni Svafarsson á útsýnisstað í bjarginu. MYND/GUN



Langvíurnar sitja þétt á Breiðapalli, þar sem eyjaskeggjar sækja um 200 egg á vorin. MYND/GUN

keypti í félagi við son sinn, Ingólf Bjarna, sem stundar strandveiðar á honum í sumar.

Við stímum norður með eyjunni vestanverðri og njótum fegurðar og fuglalífs. Sums staðar er dólað inn í víkur og bása, loftið ymur af fuglakliði og Gylfi Gunnarsson, faðir Svafars, fræðir okkur gestina um kennileiti, bjargsig og eyjabúskap. Svo hefja hann og Ragnar Sigfússon, frá Gunnarsstöðum í Þistilfirði, magnaðan söng, björgin taka undir og að lokum allir um borð. Við siglum í hásumarblíðunni norður fyrir heimskautsbaug og sveigjum svo suður með austurströndinni sem rís hæst í yfir hundrað metra. Haf, loft og hamrar iða af lífi.

En allt tekur enda, hálfur annar tími líður eins og örskotsstund og hringnum er lokað í höfninni. Því-líkt kvöld. Þó miðnætursólin skíni bak við ský er nóttin björt sem dagur. Mér líður eins og Tralla í bókinni sem ég las fyrir börnin mín ung, hann bjó langt norður í höfum þar sem sólin aldrei sest og þurfti því aldrei að fara í rúmið.

Tignarlegar þúfur

Næsta morgun er heiðríkur himinn og ég ákveð að þvera eyjuna. Það telst ekki metnaðarfullt plan, en ofan af Hæðinni, sem liggur eftir eynni frá norðri til suðurs, sést vel til allra átta. Grímsey er öll vaxin grasi og á leið minni verða flákar af þúfum, sumar eru risastórar og strýtumyndaðar. Kindur og hestar eyjaskeggja eiga sitt sumarland á austanverðri eynni.

Ferjan Sæfari kemur þennan daginn frá Dalvík. Afli heimamanna frá deginum áður er fluttur úr íshúsinu um borð, til vinnslu uppi á landi.

Um kvöldið er mér aftur kippt með í óvænta ævintýraferð, nú norður á Fót, með viðkomu við listaverkið Orbis et Globus sem stendur á baugnum. Síðan niður á syllu, sem býður upp á óviðjafnanlega nálægð við veröld fuglanna. Ingólfur Bjarni hefur forystuna, alinn upp í björgunum. Hann þekkir þar vissa einstaklinga og heilsar sumum hlýlega en einn og einn múkki fær kaldari kveðjur, enda er von á kraftmiklum gusum frá þeim. Ingólfur kennir okkur samferðafólkinu að þekkja muninn á fýl og ritu – eða skeglu eins og Grímseyingar kalla hana – og líka á álku og langvíu. Teistan er auðþekkt, ávallt spariklædd, í rauðum sokkum og svörtum kjól með hvítum pífum í hliðunum.

Brottfarardagur rennur upp en ég gæti vel hugsað mér að vera lengur í Grímsey og skil þá sem hafa skotið rótum í þessari náttúruperlu norður í höfum. Þorleifur EA 88 kemur að landi um miðjan dag með átta tonn úr netum sem lögð voru daginn áður, en mér skilst að frekar tregt fiskirí sé hjá Ingólfi Bjarna þennan daginn, hann ætli að standa við færin til kvölds.

Nú heyrist í flugvélinni og kríusmölun stendur yfir á vellinum. Mér er ekki til setunnar boðið.

„Ég er gamalrómantíker núna“

Tony Hadley ruddi nýrómantíkinni braut með Spandau Ballet í upphafi níunda áratugarins. Hann dvelur ekki í fortíðinni en ætlar þó að syngja öll sín þekktustu 80´s-lög þegar hann verður gestur Todmobile í Laugardalshöll.

Þórarinn Þórarinsson
thorarinn@frettabladid.is



Hljómsveitin Spandau Ballet var einn helsti brautryðjandi nýrómantísku bylgjunnar sem spratt upp úr klúbbastemningunni í London og Birmingham, undir sterkum áhrifum frá til dæmis David Bowie í upphafi níunda áratugarins, sem löngum hefur verið kenndur við „sítt að aftan.“

Frjáls og óháður, eftir að hafa hætt í það minnsta tvisvar í Spandau Ballet í illu, er söngvarinn Tony Hadley væntanlegur til Íslands í lok október í boði Todmobile, sem hefur stundað það með góðum árangri undanfarin ár að fá fornfræga áhrifavalda sína til samstarfs og tónleikahalds.

„Það var bara hringt og mér var boðið að koma til Íslands og ég sagði bara: „Já, af hverju ekki?“ Gigg er gigg, en þetta verður mitt fyrsta á Íslandi,“ sagði breski söngvarinn Tony Hadley eldhress þegar Fréttablaðið náði við hann Zoom-sambandi á föstudagsmorgni.

Eru Íslendingar klikkaðir?

Tónleikar Todmobile, Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands og Hadleys verða í Laugardalshöll 30. október, en svo skemmtilega vill til að Hadley, sem varð sextugur í júní, stendur á þeim tímamótum í október að hafa verið í tónlist í 40 ár.

„Þetta verður mjög skemmtilegt og ég hlakka mikið til að koma,“ segir Hadley, og hafið engar áhyggjur. Ég mun taka Gold, True, Through the Barricades, Only When you Leave og To Cut a Long Story Short,“ segir Hadley og telur upp vinsælustu lög Spandau Ballet frá gullaldarárunum.

„Ég tel að á tónleikum sé mikilvægast að spila það sem fólkið vill heyra og maður verður að taka þessi lög. Ég er mjög sannfærður um að það eigi að sjá til þess að fólkið fái það sem það vill,“ segir Hadley og spyr: „Hvernig eru íslenskir áheyrendur? Klikkaðir?“

Ætli það megi ekki segja að þeir séu yfirleitt klikkaðir á kurteisan hátt.

„Já, það virðist vera svolítið þannig þegar maður kemur til Skandinavíu,“ segir Hadley og hlær. „Fólkið þar virðist einmitt svolítið klikkað, en kurteist.“

Úldinn hákarl

„Konan mín hefur komið tvisvar til Íslands og hún segir að þetta sé stórkostlegt land. Þau eru ekki mörg löndin sem ég á eftir að heimsækja en Ísland hefur verið eitt þeirra og ef mér hefði ekki verið boðið að koma til þess að syngja, þá hefðum við átt eftir að fara í frí til Íslands. Vegna þess að konan mín segir að það sé svo fallegt. Stórkostlegt.“

Alison Evers, eiginkona Hadleys, hefur meðal annars starfað fyrir bílaframleiðendurna Audi og Volkswagen og hann segir hana hafa komið hingað á þeirra vegum. „Hún hefur borðað úldinn hákarl og alls konar. Allt túristadótið,“ segir Hadley og greinilegt að hann er kominn í ferðahug eftir að hafa mátt þreyja COVID-þorrann í Bretlandi.

Einn í ballet

„Ég elska að spila á tónleikum,“ segir Hadley þegar hann tekur tónleikaþráðinn upp aftur. „Og það er gaman að segja frá því að ég er nýbúinn að gefa út nýtt lag sem heitir Obvious,“ segir Hadley um fyrstu smáskífuna af væntanlegri breiðskífu sem ljóst er að muni eitthvað tefjast vegna COVID.

Hadley segir að honum finnist ósköp ljúft að geta lætt nýjum lögum að á tónleikum, inn á milli gömlu slagaranna með því að segja: „Hey, tékkiði á þessu. Þetta er nýtt lag. Ég vona að ykkur líki það.“ Ég held að það sé mikilvægt fyrir tónlistarmenn að halda áfram að semja og framleiða nýtt efni. Jafnvel þótt það skili engum peningum,“ segir Hadley og hlær og hvetur blaðamann til þess að finna Obvious á YouTube.

„Sólóferillinn hefur reyndar gengið mjög vel og ég hef verið mjög heppinn,“ segir Hadley sem unir hag sínum vel eftir að hann hætti í Spandau Ballet. „Þetta var skrýtið þegar Spandau Ballet gliðnaði í sundur í fyrsta skipti. Sveitin hefur tilhneigingu til þess og það var mjög sérstakt að vera sóló listamaður eftir að hafa verið í hljómsveit síðan þú varst sextán ára. En ég hef borið gæfu til þess að umkringja mig frábærum tónlistarmönnum og svo puðar maður bara áfram í þessu.

Augnskuggar fortíðarinnar

Sitt sýnist hverjum um níunda áratuginn, tónlist hans og tísku en tónlist tímabilsins endist von úr viti og ekki þarf annað en að kalla Sigga Hlö og útvarpsþáttinn hans, Veistu hver ég var? til vitnis.

„Í alvöru?“ Hváir Hadley og finnst greinilega nokkuð til um þegar honum er tjáð að vikulegur útvarpsþáttur með 80´s tónlist hafi notið stöðugra vinsælda árum, ef ekki áratugum, saman.

Hann sjálfur, einn óumdeildra frumkvöðla bresku nýrómantíkurinnar sem skall á heimsbyggðinni upp úr 1980, kippir sér þó ekki upp við neitt og veltir hvorki fyrir sér gömlum né nýjum merkimiðum.

„Mér er alveg sama. Ég er þá gamalrómantíker núna. Ég er ekki lengur nýr, en þetta var gott tímabil. Það var spennandi að vera þarna,“ segir Hadley þegar hann er spurður hvort það sé kalt í glæstum augnskugga fortíðarinnar, en nýrómantíkerarnir kunnu á sínum tíma mátulega vel við þann stimpill og kepptust við að hreinsa hann af sér, án þess þó að hárlakkið og andlitsmálningin skoluðust af í leiðinni.

„Að vera hluti af Live Aid, Band Aid og njóta þeirra margvíslegu vinsælda sem við gerðum, er eitthvað sem flestir geta aðeins látið sig dreyma um. Við skemmtum okkur stórkostlega og mér er alveg sama þótt ég sé kallaður nýrómantíker eða gamalrómantíker,“ segir hann og hlær.

Pólitískur glimmerpottur

Hadley segir að hver áratugur fyrir sig hafi vissulega einhver sérkenni þegar þannig sé á þá litið og margt geti þótt hallærislegt þegar horft er til baka. Það er að segja þangað til nógu langt er frá liðið og ljómi nostalgíunnar færist yfir. „Á tímabili furðuðu einhverjir sig á þeim sem lýstu aðdáun sinni á Spandau Ballet eða Duran Duran.

„Síðan líður nógu langur tími og fólk fer að horfa til baka í nostalgíu og getur þá viðurkennt að það hafi bara í raun verið nokkuð góð lög þarna og eitthvað um góðar hljómsveitir. Þau hafi kannski klætt sig svolítið furðulega, en þetta var gott tónlistartímabil.

Ég er ekki mikið fyrir að dvelja í fortíðinni og ég tel að níundi áratugurinn hafi verið frábær og einstakur og að dramatísku, pólitísku breytingarnar séu mikilvægastar. Kalda stríðinu lauk, Apartheid, Live Aid. Það breyttist rosalega margt á þessum áratug.

Hvað tónlistina varðar segir Hadley hana alls ekki jafn einsleita og margir vilja vera láta. „Culture Club, Depeche Mode, Spandau Ballet, Duran Duran og The Human League hafa mjög ólíkan tón. Þarna eru alls konar mismunandi hljómar, þótt þeir hafi orðið hlutar af tónlistarlegu afli. Raddir okkar Simons Le Bon eru gerólíkar og hvor okkar með sinn einstaka söngstíl,“ segir Hadley og nefnir einnig Midge Ure úr Ultravox, sem er einmitt einn þeirra sem hafa nú þegar troðið upp með Todmobile.

„Þannig að ég held að þetta hafi verið mjög áhugaverður áratugur. Mér finnst margir af þeim yngri í dag syngja á almennari nótum. Þetta er svolítið eins og að fólk vilji hljóma eins og einhver annar.“



„Ég er mjög heppinn og næ enn þessum upphaflegu tónum,“ segir Tony um sérstaka rödd sína, sem heldur enn.

VIÐ SKEMMTUM OKKUR STÓRKOSTLEGA OG MÉR ER ALVEG SAMA ÞÓTT ÉG SÉ KALLAÐUR NÝRÓMANTÍKER EÐA GAMALRÓMANTÍKER.

Sótmálaðir með tveggja metra hár

Todmobile hefur um árabil fengið fornfræga tónlistarmenn til samstarfs og tónleikahalds. Fyrst Jon Anderson, söngvara Yes, og Steve Hackett, úr Genesis, en í kjölfarið fylgdu 80´s-kempurnar Midge Ure og Nick Kershaw og nú er komið að Tony Hadley, sem gerði garðinn frægan með Spandau Ballet.

„Þeir byrjuðu svolítið með þetta. Að klæða sig eins og einhverjir aristókratar í algerri andstöðu við pönkið,“ segir Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson, forsprakki Todmobile og framkvæmdastjóri SinfoniaNord.



Þorvaldur Bjarni Þorvaldsson.

„Og Tony er svolítið sérstakur að því leyti að hann var svo karlmannlegur strax. Þessi djúpa rödd og þetta allt saman, sem var skemmtileg andstæða við að mála sig og vera í þessum fötum og öllu saman,“ heldur Þorvaldur áfram og gengst fúslega við áhrifum frá eitísinu.

„Algjörlega og ég get talið sjálfan mig vera 80´s tónlistarmann. Fyrsta platan sem ég gerði var náttúrlega með Pax Vobis 1984 og við vorum náttúrlega sótmálaðir í framan, með hárið alveg tvo metra upp og með stærstu axlapúða í heimi.“

FÓLK

Helgin

LAUGARDAGUR 18. JÚLÍ 2020



Frá unga aldri var markmið Ástu Kristínar Pjetursdóttur að verða víóluleikari. Í staðinn flutti hún til Flateyrar, tók gítarinn með og fór að semja. ↬4

FRÉTTIR, FÓLK & MENNING á Hringbraut og hringbraut.is

Fylgstu með!



Brynjar Leifsson, gítarleikari Of Monsters and Men, ólst upp í Reykjanesbæ og hann hvetur Íslendinga til að kíkja í heimsókn í bæinn, enda svo ótrúlega margt skemmtilegt í boði í Reykjanesbæ. Hér er hann í Rokksafni Íslands fyrir framan mynd af eigin hljómsveit og sögu hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Spennandi að alast upp í Bítlabænum

Brynjar Leifsson, gítarleikari hljómsveitarinnar Of Monsters and Men, er fæddur og uppalinn í Reykjanesbæ. Bítlabærinn og tónlistarlífið hafði mikið aðdráttarafl á hann sem barn sem síðar vakti tónlistaráhuga hans. ↬2

Framhald af forsíðu

Brynjar segir að Reykjanesbær bjóði upp á mikla sögu á tónlistarsviðinu og gestir sem komi til bæjarins finni vel fyrir því. Hljómahöllin dragi að marga ferðamenn, að ekki sé talað um Rokksafn Íslands, sem er safn um sögu popp- og rokktónlistar á Íslandi. Á safninu eru margir merkir gripir sem hafa verið í eigu íslenskra tónlistarmanna. Í Hljómahöllinni er einnig félagsheimilið Stapi sem á sér langa og merkilega sögu.

Brynjar hefur ferðast um heiminn með Of Monsters and Men og ætti að vera á tónleikaferðalagi um þessar mundir, ef ekki hefði komið upp heimsfaraldur. „Við vorum búin að taka okkur hlé í nokkuð langan tíma og vorum komin af stað aftur þegar COVID-19 kom upp. Það setti strik í reikninginn svo nú er ég bara í sumarfríi," segir hann. „Hann neitar þó ekki að fríið geti endað með nýrri tónlist."

Upplifun suður með sjó

Þegar Brynjar er spurður hvernig það hafi verið að alast upp í Bítlabænum, svarar hann. „Það var frábært að alast upp í Reykjanesbæ. Bæjarstemningin var fín, stutt í alla þjónustu og flestir bæjarbúar þekktust. Ég starfaði fyrst í byggingavinnu hjá afa og síðar föður mínum. Eins og flestir Suðurnesjamenn fór ég síðan að vinna á Keflavíkurflugvelli. Þar starfaði ég í öryggisgæslu sama ár og við í Of Monsters and Men bárum sigur úr býtum í Músiktilraunum. Eftir það jókst tónlistarvinnan og vaktavinnan á Vellinum fór ekkert sérstaklega vel með henni."

Brynjar segir að Reykjanesbær hafi upp á mjög margt að bjóða fyrir ferðamenn. Það sé upplifun að skreppa suður með sjó. Eftir að hafa heimsótt margs konar borgir og bæi á ferð sinni um heiminn, segir hann það koma á óvart hversu margt sé um að vera í Reykjanesbæ. „Ég hef komið á miklu stærri staði úti í heimi þar sem eru kannski tveir barir og McDonalds, annað ekki," segir hann og bætir við að í bænum sé reyndar fræg skyndibitamenning. „Það verða allir að heimsækja þessa helstu staði eins og Langbest, Ólsen Ólsen og Villa. Hver staður hefur sín sérkenni, pítsurnar á Langbest, geggjaðir bátar á Ólsen Ólsen og svo er það hinn frægi hamborgari með öllu á Villa. Villaborgari er með öllu því sama og pylsa með öllu. Rosalega góður og kemur á óvart," segir hann.

Næg afþreying

„Allaf er áhugavert að kíkja í Duus Safnahús og rölta þar um. Þar er alltaf eitthvað um að vera. Í Duushúsi er veitingahús, smábátahöfnin fyrir utan og Skessan ekki langt frá. Þangað koma foreldrar með börn sem eiga að hætta með snuð. Börnin skilja snuðið sitt eftir í hellinum handa tröllskessunni. Fyrir reiðhjólafólk er hægt að hjóla eftir allri strandlengjunni sem er vinsælt, enda hægt að njóta fallegrar náttúru um leið. Síðan er ekkert síðra að hjóla gamla flugvallarveginn og skoða hersvæðið. Þar er gamla flugstöðin og flugskýli. Það er auðvitað hægt að keyra um svæðið líka. Þarna liggur mikil saga. Göngustígar eru víða og þeir eru auðfarnir enda mikið búið að leggja í þá. Það er einnig gaman að skoða gömul herskýli við Patterson flugvöllinn.

Það er margt hægt að gera á þessum slóðum. Golfvöllurinn er ekki langt í burtu og er glæsilegur og ótrúlega góður. Á meðan ég æfði golf hélt ég til þar. Sundlaugin er alveg spes, þar er sannkölluð vatnaveröld fyrir alla fjölskylduna. Vatnaveröld er með innilaug sem er með fullt af leiktækjum og er sérstaklega áhugaverð fyrir krakkana. Ég myndi segja að Vatnaveröldin væri algjör negla. Bæjarbúar fara í sund og síðan í Villaborgara á eftir," upplýsir Brynjar.

„Ég vil líka minnast á að það er mjög skemmtilegt að fara í bíltúr í nágrenni bæjarins, til dæmis út í Hafnir, sem er gamall og sjarmerandi lítill bær. Eldey stendur síðan tignarleg úr sjó fyrir utan Reykjanesið. Brúna milli heimsálfa verða allir að prófa að ganga yfir. Brúin er á plötuskilum milli Evrópu og Ameríku," segir Brynjar og bendir sömuleiðis á Reykjanesvirkjun, yfir staði sem vert er að skoða. „Það er áhugavert að koma þar."

Í Reykjanesbæ eru þriggja og fjögurra stjörnu hótel, auk margra góðra gistihúsa. „Það er hægt að velja sér lúxusgistingu og sum hótelin bjóða upp á flottan bröns. Það er sömuleiðis gaman að heimsækja Paddys og fá sér bjór. Paddy's er írskur pöbb þar sem bæjarbúar hittast. Notalegt er að setjast á pallinn með bjór í góðu veðri. Þar er boðið upp á strandblak á sumrin."

Stjörnur í augun

Brynjar segist hafa fundið mikið fyrir tónlistaráhuga í bænum þegar hann var að alast upp. Bróðir hans var í hljómsveitinni Koja og Brynjar fylgdist með bílskúrsæfingum. „Þegar ég gekk fram hjá Geimsteini fékk ég stjörnur í augun," segir hann, en það var stúdíó Rúnars Júlíussonar. „Það var alltaf einhver spenna að alast upp í Bítlabænum."



Safnið í Duushús er einkar áhugavert, að sögn Brynjars en það er meðal þeirra staða sem hann mælir með að heimsækja.
FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Ég hef komið á miklu stærri staði úti í heimi þar sem eru kannski tveir barir og McDonalds, annað ekki. Í Reykjanesbæ er reyndar fræg skyndibitamenning.

Reykjanesbær
- kíktu í heimsókn

Kíktu í heimsókn

Það er yndislegt að búa í Reykjanesbæ. Hér er friðsælt og fólkið er opið og ég er rosalega ánægður með hvernig samfélagið tók á móti mér og fjölskyldu minni þegar ég fluttist hingað fyrir 8 árum.
Ég féll samstundis inn í hópinn og leið aldrei eins og aðkomumanni. Reykjanesbær og næsta umhverfi hefur upp á margt að bjóða, jafnt fyrir heimamenn og fyrir fólk sem vill bara kíkja í heimsókn.
Nálægðin við höfuðborgina og flugvöllin er mikill kostur. Það er því auðvelt að mæta á staðinn og gera sér glaðan dag.
Hér í bæ er að finna söfn, frábæra matsölustaði, góða sundlaug með eina innileikjagarðinn á landinu svo ég viti til, ævintýralegum skessuhelli, mögnuðum göngustíg meðfram sjónum og útilistaverk.

Hér í kring er hægt að fara í fjallgöngur, til dæmis upp á Þorbjörn eða Keili, skoða Gunnuhver, jarðhitasvæðið við Krýsuvík og brúna á milli tveggja heimsálfa þar sem hægt er að ganga yfir brú á flekamótum Evrópu og Ameríku. Ekki má heldur gleyma vitanum og fjörunni við Garðskaga og einstöku sandhólunum í Sandvík, en þar gerðum við Íva tónlistarmyndband við lagið Barn, sem samtals hefur fengið yfir 124 þúsund áhorf. Í myndbandinu sést vel hversu náttúran er undursamleg í okkar nánasta umhverfi. Reykjanesbær er ætlaður öllum. Verið velkomin í heimsókn.

Már Gunnarsson, íþrótta- og tónlistarmaður



Már Gunnarsson býr í Reykjanesbæ og er stoltur af heimabænum. Hér er hann með Ívu, en þau syngja lagið Barn, sem hefur verið mjög vinsælt.



Fida Abu Libdeh bendir á Gunnuhver, sem hún segir mjög áhugaverðan til að heimsækja.

Fallegt svæði

Ég myndi byrja á því að fara í ferð um Reykjanesið sem er afar fallegt svæði, einna helst Gunnuhver þar sem ég gæti sýnt sterka tengingu við vörurnar okkar hjá GeoSilica sem koma úr jarðhitavatni og svo er áhugavert að fara á brú milli heimsálfa. Skemmtileg upplifun í nærumhverfi Reykjanesbæjar. Næst myndi ég fara með gestinn á SoHo í hádegisverð en þar er mjög ferskur, hollur og góður matur á boðstólum, en ásamt því er gríðarlega fallegt útsýni af staðnum yfir sjóinn og bjargið í Keflavík.

Fida Abu Libdeh, framkvæmdastjóri GeoSilica



Rannveig Garðarsdóttir leiðsögumaður hvetur alla til að koma í heimsókn.

Margt í boði í Reykjanesbæ

Ég myndi byrja á einu af kaffihúsunum í fallega bænum mínum og síðan fara í gönguferð eftir 10 km löngum göngustíg sem liggur með ströndinni á milli innri-Njarðvíkur og Keflavíkur, á göngustígnum eru upplýsingaskilti með reglulegu millibili, þar sem lesa má um nánasta umhverfið. Það má stoppa í Víkingaheimum og á Fitjum þar sem hægt er að njóta fallegrar náttúru, gefa öndunum og skoða fuglalífið. Þegar komið er til Keflavíkur er gaman að ganga um gamla bæinn, skoða veggllistaverk, upplifa Skessuhelli og staldra við í Duushúsum þar sem hægt er að skoða Listasafnið, sýningu Byggðasafnsins og Upplýsingamiðstöð ferðamanna og enda gönguferðina á að borða á einhverju af fjölmörgum veitingastöðum bæjarins.

Rannveig Lilja Garðarsdóttir leiðsögumaður

Fólk er kynningarblað sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana. Í blaðinu er einnig hefðbundið ritstjórnarefni. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: Torg ehf
Ábyrgðarmaður: Jóhanna Helga Viðarsdóttir

Umsjónarmenn efnis: **Elín Albertsdóttir,** elin@frettabladid.is, s. 550 5761 | **Hjördís Erna Þorgeirsdóttir** | hjordiserna@frettabladid.is s. 550 5767 | **Oddur Freyr Þorsteinsson,** oddurfreyr@frettabladid.is s. 550 57686 | **Sandra Guðrún Guðmundsdóttir,** sandragudrun@frettabladid.is, s. 550 5762 | **Þórdís Lilja Gunnarsdóttir,** thordisg@frettabladid.is, s. 550 5768

Sölumenn: **Arnar Magnússon,** arnarm@frettabladid.is, s. 550 5652, **Atli Bergmann,** atli@frettabladid.is, s. 550 5657, **Jón Ívar Vilhelmsson,** jonivar@frettabladid.is, s. 550 5654, **Jóhann Waage**, johannwaage@frettabladid.is, s. 550 5656,



Taktu Krók á leiðarenda

Krókur er fyrirtæki sem að hefur sérhæft sig í flutningum og björgun ökutækja. Félagið rekur einnig þjónustumiðstöð fyrir tjónaökutæki þar sem veitt er ahliða þjónusta í meðhöndlun tjónabifreiða og annarra bifreiða samkvæmt óskum viðskiptavina.

Krókur býður m.a. uppá:
- Starfsmenn sem eru þjálfaðir og reyndir í bíla- og tækjaflutningum

KRÓKUR
á þinni leið

Vesturhraun 5 210 Garðabær

Tónlistin sprettur fram frá afar persónulegum stað

Frá níu ára aldri var markmið Ástu að verða víóluleikari. Í stað þess að fara í meistaranám á víólu í Sjanghæ, flutti hún til Flateyrar, tók gítarinn með og fór að semja. Þar varð frumraun hennar í plötuútgáfu, Sykurbað, til og í kjölfarið hlaut Ásta íslensku tónlistarverðlaunin fyrir plötu ársins.

Jóhanna María Einarsdóttir
johannamaria@frettabladid.is



Ásta Kristín Pjetursdóttir, tónlistarkona, vinnur hörðum höndum að nýrri plötu sem hún segir að verði meira upplífgandi en Sykurbað.

Ásta Kristín Pjetursdóttir var þriggja ára þegar hún hóf nám á víólu í Suzukiskólanum. „Foreldrar mínir skráðu mig á biðlista í fiðlunám þegar ég var ekki nema átta mánaða. Þegar ég var þriggja ára bauðst þeim að skrá mig í víólunám, sem þau og þáðu. Það er náttúrulega pínu klikkað að byrja í tónlistarnámi svona snemma, en þó mjög algengt hjá strengjaleikurum. Mér hefur alltaf fundist gaman að spila á víólu og foreldrar mínir skipuðu mér aldrei að æfa mig. Þetta var heldur engin kvöð. Frá því ég var níu ára, þá vissi ég hvað ég vildi gera. Ég ætlaði að verða víóluleikari og það kom ekkert annað til greina," segir Ásta.

Skjótt skipast veður

Ásta samdi sína fyrstu plötu, Sykurbað, árið 2018, samhliða námi í lýðskólanum á Flateyri. „Mér bauðst að fara í meistaranám í víóluleik til Sjanghæ, en langaði alls ekki. Klassísku tónlistarnámi fylgir rosalegt álag og ég vildi ekki halda áfram á þeirri braut. Ég þurfti að breyta til og er í dag ótrúlega þakklát sjálfri mér að hafa hlustað á mig, rifið mig upp og breytt um umhverfi. Ég er heldur ekki viss um að ég hefði samið eitt einasta lag, hefði ég ekki tekið þessa ákvörðun. Ég hafnaði tilboðinu og fór í skapandi nám á Flateyri í staðinn. Ég tók gítarinn hans pabba með mér og byrjaði að semja."

Ásta á sterkar rætur til Flateyrar. „Afi var að vestan og sömuleiðis allir forfeður hans. Foreldrar mínir keyptu þar hús þegar ég var níu ára og við vorum þar öll sumur uns ég varð unglingur. Því var ekki svo handahófskennt að ég færi þangað. Það var skrítið að vera kominn á stað í lífinu þar sem maður segir skilið við gamlan draum og þarf allt í einu að finna sig upp á nýtt. Ég var skyndilega týnd, en Flateyri er að mörgu leyti mjög góður staður til að finna sig."

Samdi sitt fyrsta lag

Ásta hafði aldrei samið áður en fyrsta lagið á Sykurbaði varð til. „Ég hafði stundum pælt í því hvort ég gæti samið, en alltaf ákveðið að ég gæti það ekki. Mér finnst fáránlegt í dag hvað ég hafði ákveðið um sjálfa mig, áður en ég hafði svo mikið sem prófað. Af hverju gerði ég þetta? Ég veit það ekki. En ég tók ákvörðun að prófa. Ég byrjaði á að yrkja ljóð, svo tók ég upp gítarinn."

Sigurður Fasteignasali 898 6106



Hafdís Fasteignasali 820 2222

FRÉTTABLAÐIÐ

GRÍPTU FRÉTTABLAÐIÐ MEÐ Í FERÐALAGIÐ

Þú getur nálgast frítt eintak af Fréttablaðinu víðs vegar um landið m.a. í verslunum, sundlaugum, íþróttamiðstöðvum og á bensínstöðvum.

Kringlan · SMÁRALIND · FJÖRÐUR · bóksala stúdenta · HÁMA · BÓNUS · KJÖRBÚÐIN · Krambúð · nettó · N1 · olís





FRÉTTABLAÐIÐ

mest lesna dagblað landsins, líka á sumrin

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI











GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

Að prjóna hefur alltaf verið stóra áhugamálið mitt

Hildur Hlín Jónsdóttir hefur alla ævi verið mikil handavinnukona og hefur prjónað og saumað mikið frá barnæsku. Hún fór þó ekki að prjóna eftir eigin hugmyndum fyrr en hún varð ólétt, árið 2015. Nýlega opnaði hún vefsíðuna Knithilda.is sem inniheldur hennar eigin prjónauppskriftir.

Sandra Guðrún Guðmundsdóttir
sandragudrun@frettabladid.is

Hildur á ekki langt að sækja prjónahæfileikana. Móðir hennar, Guðrún S. Magnúsdóttir, hefur gefið út nokkrar prjónabækur, meðal annars Sokkaprjón, Vettlingaprjón og Jólaprjón.

„Mamma hefur alltaf prjónað mikið og mig langaði alltaf að gera eins og hún. En það var einmitt mamma sem kenndi mér snemma að prjóna. Ég man að ég fékk fyrsta byrjenda-prjónasettið mitt í 6 ára afmælisgjöf. Fyrir það kunni ég eingöngu að fitja upp, en með prjónasettinu lærði ég garðaprjón og var óstöðvandi eftir það – sí-prjónandi," segir Hildur.

Það að prjóna hefur að Hildar sögn alltaf verið stór partur af henni og hennar helsta áhugamál. Hún nýtur þess að setjast niður með prjónana, en líkir prjónaskapnum við hugleiðslu.

„Ég gríp í prjónana þegar ég vil slaka á. Það er svo gaman að setjast niður með nýja hnotu, fitja upp og sjá flík verða til úr einhverju sem maður gerir sjálfur," segir hún.

„Þrátt fyrir að hafa prjónað mikið alla mína ævi, þá var það ekki fyrr en 2015 sem ég lagði í að prjóna eftir mínum eigin hugmyndum. Þá var ég ólétt og má segja að prjónarnir hafi ekki farið í hvíld síðan og ég varla prjónað eftir öðrum uppskriftum en mínum eigin. Ég nýt þess í botn að hanna flíkur og sjá lokaútkomuna á einhverjum yndislegum mola, oftast syni mínum, honum Fannari Mána."

Fullvann hugmyndina í samkomubanninu

Prjónasíðan hennar Hildar var opnuð fyrr í vikunni og heitir Knithilda.is, en þar eru til sölu fallegar prjónauppskriftir eftir Hildi.

„Ég hef gengið með hugmyndina að merkinu Knithilda síðan 2015, en aldrei þorað að taka af skarið fyrr en nú. Samkomubannið 2020 var nýtt í að fullvinna hugmyndina að síðunni, sem og að klára fyrstu uppskriftirnar, ásamt því að senda þær í prufuprjón. Ég á heilan helling af hugmyndum, bæði fullunnum og aðrar á byrjunarstigi og ég hlakka mikið til að deila þeim," segir Hildur.



Hildur hefur alla tíð prjónað mikið og nýtur þess að hanna flíkur og sjá lokaútkomuna, sérstaklega á syni sínum, honum Fannari Mána.



Fannar Máni í fallegri peysu eftir uppskrift Hildar.



Uppskriftina að þessu sæta ungbarnasetti má finna á nýju prjónavefsíðu Hildar, Knithilda.is.

Hildi finnst skemmtilegast að prjóna peysur og húfur og hefur prjónað ógrynni af þeim í gegnum tíðina.

„Ég er mjög hrifin af einföldum og stílhreinum peysum og hanna ég mínar peysur oftast út frá þeim útgangspunkti. Hugmyndirnar koma alls staðar að. Mjög oft þegar ég er að prjóna flík og er að hugsa um prjónaskap, þá dettur inn einhver sniðug hugmynd. Eða þegar ég er að velta fyrir mér litum og litasamsetningum þá sé ég mynstrið fyrir mér og reyni þá að teikna það upp. Ég prjóna oft litlar prufur, en þá sé ég vel hvað er að virka og þróa þannig mynstrin út frá þeim. Stundum sé ég líka einhverja fallega sjón í umhverfinu eða náttúrunni sem mig langar að teikna upp, eða þróa áfram á minn hátt," útskýrir Hildur.

Ég gríp í prjónana þegar ég vil slaka á. Það er svo gaman að setjast niður með nýja hnotu, fitja upp og sjá flík verða til.

Hildur segir að þrátt fyrir að nýja vefsíðan hafi einungis verið opnuð fyrir örfáum dögum, hafi hún fengið gríðarlega jákvæð viðbrögð við henni.

„Það er mikill prjónaáhugi í samfélaginu og margir að feta sín fyrstu skref. En ég tel uppskriftirnar mínar henta einstaklega vel bæði þeim sem eru nýbyrjaðir að prjóna og þeim sem eru lengra komnir."

AUGUN OKKAR

Föstudaginn 24. júlí mun Fréttablaðið gefa út sérblaðið Augun okkar

Við bjóðum lesendum okkar upp á gagnlega fræðslu um heilbrigði augna og sláum á léttari strengi og skoðum nýjustu tískustrauma gleraugna og sólgleraugna.

Tryggðu þér gott auglýsingapláss í langmest lesna dagblaði landsins.

Nánari upplýsingar um blaðið veitir:

Arnar Magnússon
Sölu- og markaðsfulltrúi Fréttablaðsins
Sími: 550-5652 / arnarm@frettabladid.is



Smáauglýsingar

550 5055
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 9-16
Netfang: smaar@frettabladid.is

Bílar & Farartæki

KRÓKUR

ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?
Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

Bílauppboð - Krókur
Sími: 522 4610
www.bilauppbod.is

SPAR bíll



Nýir 2020 Mitsubishi Outlander Hybrid. Flottasta typa með öllum búnaði. Listaverð 6.690.000,- Okkar verð er 800.000 lægra eða 5.890.000,- Til sýnis á staðnum í nokkrum litum.

Sparibíll ehf
Hátún 6A, 105 Reykjavík
Sími: 577 3344
www.sparibill.is

Bílar óskast

VILTU LOSNA VIÐ GAMLA BÍLINN ?
Kaupi bíla 25-350þús
Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms og ég hringi til baka

Bátar



Mjög léttur 4 Manna Saiman Plast bátur sem er ósökkvandi. Með 5hp Yamaha mótor. Notaður 5 túra. Kerra og björgunarvesti fylgir með. 550.000kr. s. 8996221

Þjónusta

Málarar

MÁLNINGARVINNA.
Get bætt við verkum. 30 ára reynsla, fagmennska og sanngjörn verð. Einar málari s: 832-6017.

Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Búslóðalyfta. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

Píplulagnir

PÍPULAGNINGARÞJÓNUSTA
Viðgerðir, viðhald og nýlagnir.
Uppýsingar í síma 868-2055

Garðyrkja



Smávélaviðgerðir, Garðsláttuvélar, sláttuorf, sláttutraktorar, jarðvegsþjöppur, dælur, kerrusmíði, Gokart þjónusta, keðjusagir, rafstöðvar, einnig úrval af notuðum sláttuvélum. Vélverk JS S. 554 0661. www.velaverkjs.is

Tek að mér slátt fyrir húsfélög og einstaklinga, klippingar og umhirðu á görðum. Uppl. í s. 616 1569.

PROSTONE
» Jarðvinna
» Drenlagnir
» Hellulagnir
» Þökulagnir
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Húsaviðhald

FLÍSALAGNIR - MÚRVERK - FLOTUN - SANDSPARSL - MÁLUN - TRÉVERK
Ásamt öllu almennu viðhaldi fasteigna.

Áratuga reynsla og þekking skilar fagmennsku og gæðum.

Tímavinna eða tilboð.

Strúctor byggingaþjónusta ehf.

S. 893 6994

Rúnar múrari
Múrari tekur að sér tröppuviðgerðir sem og allt almennt viðhald fasteigna.
s. 780 2838.

VIÐHALD FASTEIGNA
Tökum að okkar viðhald fasteigna ásamt nýsmíði.
Einnig píplulagnir, flísalagnir, múrviðgerðir, málningarvinna og gluggaviðgerðir.
Uppl. í s. 780 3344 eða netfangið mavar@mavar.is

Til sölu

FYRIRTÆKJASALA ÍSLANDS S.773-4700

NAGLASTÚDÍÓ- LÍKAMSMEÐFERÐIR



Til sölu þekkt stofa með glæsilega aðstöðu í rúmgóðu húsnæði, með 8-10 vinnustöðvar. Aðstaða fyrir námskeiðahald og fleira.


Uppl. gefur Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteignasali á netfanginu oskar@atveignir.is og í síma 773-4700.

Óskar Mikaelsson, löggiltur fasteigna og fyrirtækjasali 773-4700



Heitir og kaldir gæðapottar frá NormX

Pottarnir frá Normx hitta svo sannarlega í mark hjá allri fjölskyldunni.



Við hjá Normx höfum framleitt heita og kalda potta fyrir íslenskar aðstæður í yfir **35 ár**. Við bjóðum fjölda gerða og lita ásamt öllu því sem tilheyrir til að koma sér upp glæsilegum potti á verði sem kemur skemmtilega á óvart.

NORMX
Auðbrekku 6 · Kópavogi · Sími 565 8899 · www.normx.is

Húsaviðhald

VANTAR ÞIG SMIÐI, MÚRARA, MÁLARA EÐA AÐRA STARFSMENN?
Höfum á skrá menn sem geta hafið störf með skömmum fyrirvara.
Proventus starfsmannaþjónusta - proventus.is Sími 551-5000 Netfang proventus@proventus.is



Við hreinsum allar gerðir loftræstikerfa. Hafðu samband og pantaðu fría ástandsskoðun í síma: 557 7000 eða inná www.k2.is

PROSTONE
» Smíðavinna
» Múrvinna
» Málningarvinna
Þjónustum einstaklinga, fyrirtæki og húsfélög
519 7780
prostone@prostone.is

Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði. S. 616 1569

Nudd

NUDD NUDD NUDD
Slökunarnudd í miðbæ Reykjarvíkur. Lausir tímar. Sími 694 7881, Janna.

NUDD - NUDD
Úrvals nudd alla daga í miðbæ Kópavogs. Sími 888 6618 og 788 6609 Elísabet.

Rafvirkjun

RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

Keypt & Selt

Til sölu



Humar, Ferskur Lax, Risarækjur og fleira góðgæti úr hafinu. Humarsalan SÉRFRÆÐINGAR Í SJÁVARFANGI. WWW. HUMARSALAN:IS S. 867 6677



Kassagítarar í úrvali Gitarinn ehf Kassagítarar á tilboði Rafmagnsgítarar á tilboði Stórhöfða 27 s 552 2125 www.gitarinn.is gitarinn@gitarinn.is

Heimilið

Barnavörur


SYSTKINA VAGN/KERRA
Verð frá 165.900 kr. Barnið Okkar - Hlíðasmára 4 - 201 Kóp. s. 5538313 barnidokkar.is



Skólar & Námskeið

Námskeið


ICELANDIC, ENGLISH, NORWEGIAN, DANISH & SWEDISH F. FOREIGNERS - ENSKA, NORSKA, DANSKA, SÆNSKA
Only/Aðeins 1-3 students/ nemendur/ per course/hvert námskeið! Einnig Sérnámskeið fyrir Heibrigðisstarfsfólk / Also Special Courses for Health Staff. Enska fyrir Leiðsögumenn/English and Icelandic for Tourist Guides. Start/Byrja: 20/7, 27/7, 10/7, 7/9 14/9, 12/10, 9/11, 7/12. 4 weeks/ vikur x 5 days/daga. AM & PM/fh. & eh. Price/Verð: 49.500. Labour Unions /Labour Office pay back 50-90 % of price/Stéttafélög/ Vinnumálastofnun endurgreiða 50-90% gjalds. www.iceschool.is - ff@icetrans. is - facebook.com/ fullordinsfraedslan - Fullorðinsfræðslan-IceSchool, Ármúli 5. 108, s. 8981175/5571155

Húsnæði

Húsnæði í boði

Til leigu í Hafnarf. 3-4 herb. íbúð í lyftublokk. Með bílastæði í bílastæðahúsi. Mikið útsýni. Yfirbyggðar svalir. Ekkert dýrahald leyft. Uppl. í s. 893 9777

Glæsileg 2.herbergja íbúð í Strikinu Garðabæ til leigu. Um er að ræða íbúð fyrir 60+ með tengingu við þjónustukjarna félags eldri borgara þar sem hægt er að fá heitan mat. Íbúðin er laus og getur innbú fylgt. Uppl í s: 6953901

Ódýr íbúð til sölu/leigu á Skagaströnd. Uppl. S: 847 8446

Sumarbústaðir

Sumarhússlóðir til sölu í landi Þórisstaða í Grímsnesi. Stærð 9.500 fm, 9.400 fm og 8.000 fm. Lóðirnar eru í grónu hverfi, rafmagn, heitt og kalt vatn við lóðarmörk. Verð 2.500.000 pr. lóð. Upplýsingar í síma 864-4642

Geymsluhúsnæði

GEYMSLUR.IS
SÍMI 555-3464
Suma hluti er betra að geyma. Geymslur fyrir dánarbúið, allt að 20% afsláttur. www.geymslur.is

Atvinna

Atvinna í boði

Við erum að fjölga í teyminu hjá okkur og leitum þess vegna að jákvæðum einstaklingum með framúrskarandi þjónustulund bæði í dag- og kvöldvinnu. Opið fyrir umsóknir á Heimilisthrif.is

We are hiring and looking for positive individuals with an excellent sense of service for both day and evening work. Send an application through Heimilisthrif.is/atvinna



Til leigu / sölu





Þjónustuauglýsingar

Sími 550 5055













Alla fimmtudaga og laugardaga

gudruninga@frettabladid.is

www.fi.is

Ísland er landið

Velkomin í skála Ferðafélags Íslands







Ferðafélag Íslands og deildir þess reka 40 fjallaskála á hálendinu og í óbyggðum.

Sjá nánar á www.fi.is

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS | Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | Sími 568 2533 | www.fi.is

FRÉTTABLAÐIÐ

TÍMAMÓT

18. JÚLÍ 2020 LAUGARDAGUR



†

Ástkær móðir, amma, langamma og tengdamóðir,

Margrét Björnsdóttir

frá Brennu, Neskaupstað,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli, laugardaginn 11. júlí 2020.
Útförin fer fram frá Grafarvogskirkju, fimmtudaginn 23. júlí 2020, kl. 13.00.

Margrét Viderø Joensen
Konráð Gylfason
Margrét Gylfadóttir
Hans í Líðini
Anna María Harðardóttir
Ólafur Sveinsson
Gylfi Einarsson
Margrét Skarphéðinsdóttir
Ömmubörn og langömmubörn.



†

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, kær vinur, afi, og langafi,

Helgi Jónsson

fyrrverandi bankaútibússtjóri,

sem andaðist á Dvalarheimilinu Höfða, Akranesi, þann 14. júlí, verður jarðsunginn frá Akraneskirkju, miðvikudaginn 22. júlí, kl. 13.00.


Áslaug Helgadóttir
Jón Helgason
Sigríður Helgadóttir
Helgi Teitur Helgason
Gunnar Guðmundsson
Sigríður K. Valdimarsdóttir
Ólafur Þorsteinsson
Guðrún Hildur Pétursdóttir
Margrét Ingvarsdóttir
Börn og barnabörn.

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
Auðbrekku 1, Kópavogi
SÍÐAN 1996

ALÚÐ • VIRÐING • TRAUST • REYNSLA


Kristín Ingólfsdóttir


Sverrir Einarsson


Margrét Ásta Guðjónsdóttir

Símar allan sólarhringinn: 581 3300 & 896 8242 • www.utforin.is
Komum heim til aðstandenda og ræðum skipulag útfarar ef óskað er.

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
Flatahraun 5a • www.utfararstofa.is • Símar: 565 5892 & 896 8242

HjartaHeill
Minningarkort á hjartaheill.is
eða í síma 552 5744



Útfararþjónusta
& lögfræðiþjónusta

Við önnumst alla þætti undirbúnings og framkvæmd útfarar ásamt vinnu við dánarbússkiptin. Við þjónum með virðingu og umhyggju að leiðarljósi og af faglegum metnaði.

Með kærleik og virðingu

Útfararstofa Kirkjugarðanna
Vesturhlíð 2, Fossvogi | Sími 551 1266 | **útför.is**



Kristín Þórunn keypti drumba beint af bónda á Ströndunum og skar út þessar styttur eftir pöntun.

Flutti sig yfir fjörðinn

Vestfirska alþýðulistakonan Kristín Þórunn Helgadóttir stefnir að því að opna nýstandsetta vinnustofu sína á ættaróðalinu Alviðru í Dýrafirði í dag, ef veður leyfir.

Það hentaði akkúrat að taka upp bíómynd í vinnustofunni minni á Þingeyri. Þess vegna varð ég að flytja mig út í Alviðru sem er hinum megin við fjörðinn, rétt utan við Núpsskóla, og er að raða öllu upp þar, segir Kristín Þórunn Helgadóttir. Hún er þekkt fyrir handverk sitt, bæði skartið fjöruperlur og útskornar rekaviðarfígúrur.

„Það er mjög fallegt hér, svaka útsýni," lýsir Kristín Þórunn. „Systkini mín eru hér með mér, við eigum þetta núna og erum eins og kóngar í ríki okkar. Ég stefni að því að vera með opna vinnustofu um helgina, í gamalli heyhlöðu foreldra minna sem er rétt við veginn. Þar er eldstæði í einu horni og gamlir hlutir uppi á vegg. Það verða allir að stoppa!"

Kristín segir lítið um trjáreka í Alviðru. „Einn drumb rak í vetur, það gerist stöku sinnum. En ég er með allar klær úti og fólk gefur mér trjávið, bæði úr fjörum og görðum. Líka ræturnar, ég er mjög hrifin af þeim. Einn maður pantaði tvo trékarla hjá mér, hann fór með mér á Strandirnar þar sem ég keypti drumba beint af bónda, fór með þá heim, sagaði og skar út og maðurinn kom svo og náði í þá. Elfar Logi hefur keypt af mér nokkur goð til að hafa í samkomuhúsinu sínu úti í Haukdal, meðal annars Óðin og er nýbúinn að fá Loka. Þetta fer allt jafnóðum út úr höndunum á mér! Maðurinn minn er líka að búa til trélistaverk, þau eru öðruvísi".



Fjöruperlurnar eru bæði dökkar og grænar. Þær eru ekta náttúruafurð sem Kristín Þórunn ákvað að nýta í skartgripi.

Elfar Logi hefur keypt af mér nokkur goð til að hafa í samkomuhúsinu sínu úti í Haukdal, meðal annars Óðin og er nýbúinn að fá Loka.

Á vefnum fjoruperlur.is hefur Kristín Þórunn sett inn vídeó af því sem hún er að bralla, en hún hefur framleitt skart úr klóþangi í meira en áratug. Vinnsluferlið er dálítið langt, enda kveðst hún ekki vinna úr þaranum fyrr en ári eftir að hún tíni hann í fjörunni. Hann verði að þorna vel og lyktin að hverfa í rólegheitum.

Fjöruperluskartið fæst í gamla kaupfélagshúsinu á Þingeyri þar sem handverkshópurinn Kolta er með opið yfir sumartímann, að sögn Kristínar Þórunnar. „Mest hef ég samt selt í skemmtiferðaskipin á Ísafirði síðustu ár, þar er ég með lítið hús á bryggjunni en hef ekkert opnað það í sumar og því er mun rólegra hjá mér en hefur verið," segir hún. „Litlir jólasveinar sem ég sker út úr trjágreinum hafa verið vinsælir hjá Ameríkönum, en þeir verða að vera feitir, kanarnir vilja ekki okkar horuðu, íslensku sveina!" **gun@frettabladid.is**



Jón Páll er sagnfræðingur og barnabókahöfundur. Hann kann fullt af fornum leikjum og miðlar fúslega fróðleik um þá.

Leikir eru til skemmtunar

Eitt af því sem kynslóðir eiga sameiginlegt er að hafa leikið sér sem börn. Jón Páll Björnsson, sagnfræðingur, ætlar að fræða krakka um leiki fortíðar í Kvosinni í dag.

„Það er hægt er að tengja börn við alla tíma, því ætlum við að leika leiki frá víkingaöld og til okkar daga milli klukkan 13 og 14 í dag," segir sagnfræðingurinn Jón Páll Björnsson sem stefnir börnum á Landnámssýninguna í Aðalstræti í dag. Hann segist kunna fullt af gömlum leikjum sem hann ætli að rifja upp í Kvosinni. „Við getum nefnt spennandi leik sem heitir Útilegumannaleikur, annar nefnist Skjaldborgarleikur og þriðji er Vörðuleikurinn. Allir auðveldir. Í hástökki notum við reipi gert úr hrosshári. Þetta er hluti af safnfræðslu Borgarsögusafnsins."

Aðallega verður leikið úti, að sögn Jóns Páls. „Við stöldrum við á horni Aðalstrætis og Túngötu, í Fógetagarðinum, í Grjótaþorpinu og á Austurvelli. Þetta eru allt leiksvæði barna í Reykjavík upp úr aldamótunum 1900 – götur og bakgarðar, umhverfi Tjarnarinnar og Tjörnin sjálf. Það eina sem búið var til sem slíkt var völlur utan við Miðbæjarskólann."



Kindahorn, sauðaleggir, völur, kjálkar og önnur bein voru vinsæl leikföng barna um aldir, ásamt skeljum.

Jón Páll kveðst styðjast við ýmsar heimildir. „Leikföng barna fyrr á öldum hafa fundist við fornleifarannsóknir og í Íslendingasögunum bregður leikjum fyrir. Leikir eru samnefnarar fyrir allar kynslóðir. Það er hægt að útskýra eldgamlan leik fyrir nútímabörnum og þau skilja hann umsvifalaust. Átta sig strax á til hvers hann er, hann er til skemmtunar."

gun@frettabladid.is

---

†



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

Guðbjörg Gísladóttir

fv. útibússtjóri,
Ársölum 3,

lést á Hrafnistu DAS í Boðaþingi, föstudaginn 10. júlí. Jarðarförin fer fram í Lindakirkju, þriðjudaginn 21. júlí, kl. 13.00.

Sigurður Sigurðsson
Unnur Guðbjargardóttir
Laufey Sigurðardóttir **Jón Bjarki Sigurðsson**
Sigurður Björn Bjarkason **Sigurbjörg Ósk Kristjánsdóttir**
Arnór Ingi Bjarkason **Lina Marija Balčiūnaitė**
Elmar Trausti Sigurðsson

---

†



Innilegar þakkir sendum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

Önnu Guðnýjar Hildiþórsdóttur

Hvassaleiti 16,

sem lést 25. júní 2020.

Sigurður Á. Sigurjónsson **Lek Kaewphanna**
Kristín Júlía Sigurjónsdóttir
Aðalsteinn Sigurjónsson **Kristín Sigurðardóttir**
Aðalheiður Sigurjónsdóttir **Daníel Guðjónsson**
Barnabörn og langömmubörn.

---

†



Elskuleg móðir, tengdamóðir, amma og frænka,

Rósa Ólafía Ísaksdóttir

áður til heimilis Kríuhólum 2,

lést mánudaginn 13. júlí. Útförin fer fram í kyrrþey.

Áslaug Þórðardóttir
Sigurður Bjarki Þórðarson
Helga Magnúsdóttir
Ástrós Hekla Sigurðardóttir
Ísak Harðarson

---

†



Minn ástkæri lífsförunautur, faðir okkar, tengdafaðir, bróðir, mágur og afi,

Andreas Árni Baldursson

Holtsgötu 25, Sandgerði,

lést á Landspítalanum v/Hringbraut, sunnudaginn 12. júlí. Útförin fer fram frá Sandgerðiskirkju, þriðjudaginn 21. júlí, kl. 13.

Laufey K. Snorradóttir
Andrea Bára Andreasdóttir **Brynjar Ólafsson**
Valþór Andreasson
Haukur Andreasson **Rakel Jónsdóttir**
Hörður Baldursson **Jóhanna B. Kristjánsdóttir**
Viðar Arnar Baldursson **Katrín Jóhannesen**
og barnabörn.

---

†



Þökkum innilega hlýhug og auðsýnda samúð við andlát og útför okkar elskulega eiginmanns, föður, tengdaföður og afa,

Sigurðar E. R. Lyngdal

kennara.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki göngudeildar hjartabilunar, hjartadeildar og gjörgæsludeildar 12B Landspítalans.

Magnea Antonsdóttir
Reynir Lyngdal **Elma Lísa Gunnarsdóttir**
Anton Lyngdal
Kristín Ýr Lyngdal **Kjartan Traustason**
og barnabörn.

---

†



Ástkær eiginmaður, sonur og bróðir,

Ingi Björn Bogason

Hraunbæ 182,

lést á líknardeildinni í Kópavogi, þriðjudaginn 14. júlí. Útförin fer fram frá Digraneskirkju, miðvikudaginn 29. júlí, kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Ljósið og Kraft.

Magdalena V. Michelsen
Steinunn Jónsdóttir **Bogi Baldursson**
María Erla Bogadóttir **Hjalti Kolbeinsson**
Jón Baldur Bogason **Haukur Heiðar Steingrímsson**

---

†



Ástkær faðir minn og frændi,

Hákon Arnar Jónsson

gullsmiður,

lést á Hrafnistu, í Kópavogi, þann 16. júní sl. Útför hans hefur farið fram í kyrrþey.

Jón Hákonarson
Fríða Björg Aðalsteinsdóttir

---

†



Ástkær móðir okkar, amma og langamma,

Þórhalla Guðnadóttir

sem lengst af bjó á Bragagötu 35 í Reykjavík,

lést á hjúkrunarheimilinu Skjóli, þann 14. júlí. Hún verður jarðsungin frá Neskirkju, þriðjudaginn 21. júlí, klukkan 15.00.

Helga Guðrún Óskarsdóttir **Lárus Ýmir Óskarsson**
Barnabörn, langömmubörn og tengdafólk.

---

†



Elskuleg móðir okkar, amma og langamma,


Finnfríður B. Hjartardóttir

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Hólmavík, 15. júlí. Útför hennar fer fram frá Hólmavíkurkirkju, laugardaginn 25. júlí, kl. 14.

Gunnar Örn Númason
Rósmundur Númason **Grazina Norkeviciene**
Jónína Númadóttir **Jón Logi Sigurbjörnsson**
Hjörtur Númason **Hafdís Gunnarsdóttir**
Ingibjörg Númadóttir **Vignir Helgi Sigurþórsson**
Jóhann Víðir Númason **Ragna Kristín Árnadóttir**
Freyja Dís Númadóttir **Valentínus G. Baldvinsson**
Ólafur Freyr Númason **Katrín Ágústa Thorarensen**
Barnabörn og barnabarnabörn.

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á **timamot@frettabladid.is** eða hringja í síma 550 5055 .

KROSSGÁTA & ÞRAUTIR



Lausnarorð síðustu viku var

FARALDURSFRÆÐI

S	T	J	Ö	R	N	U	S	P	E	K	I		B	Ú	K	O	L	L	A
K		Ó		I			E		F		N		R		A		E		
Ý	K	J	A	M	I	K	I	N	N		N		U	P	P	L	I	F	A
L		Ó		A			G		I	G	L	A	N		A		K		
A	K	U	R	H	Æ	N	A		S		A		A	F	L	A	H	Á	R
U		N		L		Á	R	A	N	G	U	R	S		H		Ú		
S		U		Í		V			Á		S		Á	H	E	R	S	L	U
T	Í	M	A	F	R	E	K	U	M		N		R		S			Í	
	S		F			R		R	I	T	A	R	A	S	T	A	R	F	A
S	K	O	T	F	L	A	U	G		Í		É		T		M		S	
	E		A			N		I		F	Ó	T	A	R	M	E	I	N	I
D	R	O	P	Ö	N	D	I	N		A		T		A		N		A	
	T		P			I	N	N	B	L	Á	S	T	U	R			U	
H	I	T	A	R	A		D			D		Ý		K	Ó	V	I	T	I
A		Í			F		Í	S	P	I	N	N	A		S			N	
M	Ó	T	H	E	R	J	A		J		E		L	Ú	M	S	K	A	R
S		A			E		F	R	A	M	L	Á	G		A		Ó		O
T	Ó	N	Í	S	K	R	A		K		S		E	I	R	Í	K	U	R
R		I			U		R	Y	K	K	O	R	N		Í		L		R
A	R	Ð	S	A	M	R	A		A		N		G	A	N	D	A	N	A

LAUSNARORÐ Ef bókstöfunum í lituðu reitunum er raðað rétt saman birtist bráðdrepandi og ódrepandi fyrirbæri sem ítrekað skýtur upp kollinum hér og þar á landinu. Sendið lausnarorðið í síðasta lagi 23. júlí næstkomandi á krossgata@frettabladid.is merkt „ 18. júlí“.





FORLAGIÐ

VEGLEG VERÐLAUN

Vikulega er dregið úr innsendum lausnarorðum og fær vinningshafinn í þetta skipti eintak af bókinni **Tengdadóttirin** eftir **Guðrúnu frá Lundi** frá Forlaginu. Vinningshafi síðustu viku var **Hanna S. Antoníusdóttir, Reykjavík.**

Á Facebook-síðunni **Krossgátan** er að finna ábendingar, tilkynningar og leiðréttingar ef þörf krefur.

LÁRÉTT

1 Hin kjörna hélt stefnu Ránar á lofti í kjölfar átakanna (4)
12 Rymjum um risa (5)
13 Vona að þau sem æjuðu hitti á heppilegt augnablik (10)
14 Band eykur orku ökutækja en iðramein ekki (11)
15 Byggðasvelti leggst þungt á þá sem fara ekki úr húsi (10)
16 Hrogn og þjó fyrir konung eyjarskeggja í Eystrasalti (11)
17 Ei skal grobb gráta eður boð bjaga (10)
18 Í tvennt með tóma og tætta (11)
24 Þið sem ætlið héðan, búist til ferðar (9)
29 Byggi gosgarð gegn stafrænni óværu (7)
30 Minnir á dauðra manna díla og skákir (9)
31 Sá langfeðgana tala við herra frá Helmand (6)
32 Salat má sækja í ríki miðjunnar (7)
33 Grimm já, en hversu aum eru Glefsir og hans hyski? (9)
34 Svona fjárkind er greinilegur tilbúningur (6)
36 Áar skipa öll rúm á skipum hraustra manna (9)
39 Ætli liðið leiði þá sem deyja? (8)
42 Orðið þýðir a) getur b) ertir c) letur d) arkar (6)
45 Verð, vötn og hægir menn (7)
47 Mæli hús á grundvelli ákveðinna eininga (8)
50 Allt um það sem ort var og handsalað (7)
51 Orð mín stefna æ að því/sem allra réttast er (7)
52 Fær hlaupahjól segl með batteríinu? (8)
53 Glórupinni glepur nýgengna bleikju (7)
54 Ataði ránfugl enn sósíalískara sulli (7)

LÓÐRÉTT

2 Frá beygðu bóli fjarri byggðu bóli (9)
3 Lótusblóm lífgar vonir og þrár (9)
4 Afturendi golþorska og grálúðu (9)
5 Angastærð afhjúpar menn og stafi á röngum stað (9)
6 Er línuloft þá banvænt? (8)
7 Lesið allt um molana og átökin ógurlegu! (8)
8 Færi mér staðsetningu hlýju húsanna í nyt (8)
9 Fólk er víst alltaf að villast á Brenglubolla og Blöndudal (8)
10 Má nota ask fants sem bjálkamál? (8)
11 Saga um sagða sögu um fræga frú og gettu nú (8)
19 Sviði þessara sára er vegna natríns (7)
20 Gerum það sama og aðrir í svona sukkveislum (7)
21 Lyfti þér með herkjum á norska grund (8)
22 Sá leir sem fulltrúar guðanna bjóða uppá sýnir að þeir eru óþokkar (8)
23 Flytja sýn á milli vita (8)
24 Kemst maður hjá búkblástrum með þessum æfingum? (9)
25 Að skara skuli létt og þurrt er alls ósannað (9)
26 Ég kýs frekar södd en svöng, það veist þú allt um (7)
27 Lóðbein lægð hefur engan rétt (7)
28 Þessi kani er að deila og rugla (6)
35 Alsælulækning er ánægja sönn (8)
37 Fer dult með þessi slöppu á heiðinni (7)
38 Flatbrauð eða trefjaríkt sætabrauð? Þar er efinn (7)
40 Félagsfælinn fýr vantar stakan klett, helst með helli (6)
41 Örn átti að vita að þetta voru austrænir menn (6)
43 Ég var varla mættur þegar hún gekk í salinn (6)
44 Þessi flokkur má þola slæmar sveiflur (6)
46 Latur karl að rupla og róta til (5)
48 Hér fær maður fagurlega hannaðan pela (4)
49 Rasmus hindraði frekara rót á íslenskunni (4)

LÉTT

		5			1	6	3	
	2	1			5	4		
3	8	9	2			1		
9					7			5
	6					7	4	
	5		3	6		8	1	
8	7		6				2	
2					3			4
	1				9		7	

MIÐLUNGS

	9		4	2				6
			5	1		3		
1	3			7	9	2		
5	2				1			
3			8			1		7
		1			4		3	
		3	9					
7					5	6		
					2		5	

ÞUNG

				3	6			
	8	3		9			2	7
	5		7			1	9	
6						4		2
	9			5				
3						8		
			9					
			8		1	9	6	
8	1			6			7	

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni. Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

		6	1		7		3	8
				2				
8	4						5	
				7				
5			3	6	1	9	4	
2		1		8				7
		5	2		4	3		9
1	2		6			4	8	5
						1	2	

5	1		3			8	9	
	3			7				2
	4	9	8					6
		7			1			8
8		3		6				
						4	2	
1		6				9		
	8						3	
					5		7	

			3	8		7		5
9		4		1			2	
		8			2			
2						9		1
7		6					5	
1			4					
	9	5					6	3
4	6							
				4	8			

Skák Gunnar Björnsson

Hvítur á leik



Jón Viktor Gunnarsson átti leik gegn Roman Slobodjan á EM einstaklinga árið 2001.

21. Ref6+! gxf6 22. Hxe8+ Dxe8 23. Rxf6+ 1-0. Jón Viktor fagnar 40 ára afmæli í dag. Vignir Vatnar Stefánsson sigraði á Sumarmóti við Selvatn sem fram fór í fyrradag. Jóhanna Björg Jóhannsdóttir stóð sig frábærlega og varð í öðru sæti.

www.skak.is: Alþjóðlegi skákdagurinn.

Bridge Ísak Örn Sigurðsson

GOTT SPILAMAT

Í þessu faraldursástandi er mikið um sterk mót á netinu. Það vakti mikla athygli nýverið þegar Pólverjinn Nowasadski viðurkenndi á síðunni Bridgewinners að hann hefði svindlað á netinu og horft á sjálfan sig spila. Hann og annar Pólverji, Kalita voru í sveit sem kallaði sig Blass og vann mikið af netmótum, sem mörgum fannst skrítið. Sviinn Fredin, sem sakaði þá um svindl, var dæmdur á sínum tíma, í árs bann á Bridgewinners, fyrir að saka þá um svindl. Því miður reynist mörgum auðvelt að svindla á netinu. Það hefur auðvitað þann ókost að spilurum finnst ekki spennandi að spila netmót og er auðvitað vont fyrir spilara ef upp kemst um svindlið. Forvitnilegt að sjá hvernig brugðist verður við svindli Nowasadskis. Í sterku netmóti um daginn (3rd OPCL Open Teams), í leik Hollendinga, var Simon de Vijs í norður. Eftir 3 pöss (vestur gjafari og allir á hættu) opnaði félagi hans, Bauke Muller í suður á tveimur gröndum (20-22). Vijs þurfti að velja framhald og vegna sterks spaðalitar, ákvað hann að „ljúga“ aðeins í sögnum með góðum árangri.

Norður
♠ DG1097
♥ G1092
♦ 98
♣ 52

Vestur
♠ ÁK5
♥ 7654
♦ G1054
♣ 103

Austur
♠ 864
♥ 83
♦ KD32
♣ KG74

Suður
♠ 32
♥ ÁKD
♦ Á76
♣ ÁD986

Vijs ákvað að segja þrjú lauf („Puppet Stayman“), heyrði þrjú hjörtu (sem neitaði hálit) og sagði fjögur hjörtu sem táknuðu 6 ♠ og 4 ♥. Muller valdi fjóra spaða, sem var ágætur samningur. Sá samningur vannst slétt og 10 impar græddir þegar stoppað var í þremur spöðum á hinu borðinu. Muller mat sín spil einnig upp, af því hann var með „góða“ punkta, en aðeins 19.

SPJALL & STYRKING

Opin fræðsla fyrir alla sem nýlega hafa greinst með krabbamein











Mánudagar 10:30-12:00 í Ljósinu Langholtsvegi 43

Næstu mánudaga bjóðum við öllum þeim sem greinst hafa með krabbamein undanfarin misseri upp á opna fyrirlestra:

- **6. júlí: Líðan, virkni og stuðningur**
- **13. júlí: Þreyta - Orkusparandi aðferðir**
- **20. júlí: Sjálfstyrkur, sjálfsmynd**
- **27. júlí: Slökun**
- **10. ágúst: Streita og bjargráð**
- **17. ágúst: Fjölskyldan og samskipti**
- **24. ágúst: Markmiðasetning**

Minnum einnig á kynningarfundi okkar alla þriðjudaga klukkan 11:00 þar sem aðstandendur eru velkomnir með.

www.ljosid.is Sími 561-3770


Ljósið

KRAKKAR

Konráð og félagar á ferð og flugi

412

„Jæja Konráð,“ sagði Kata. „Þú sem allt veist, hvað á að gera hér?“ „Við eigum að klippa út þessi fimm grænu form,“ sagði Konráð. „Og raða þeim saman svo að þau verði í laginu eins og fjólublái krossinn hérna við hliðina. Að vísu verður græni krossinn nokkuð stærri en sá fjólublái en þó eins í laginu.“ „Kross,“ sagði Kata önug. „Ekki segja mér að við eigum að búa til kross úr þessum grænu sneplum. Ég get ekki séð að það sé hægt.“ Róbert klóraði sér í kollinum.



Hann gat heldur ekki séð hvernig hægt væri að búa til kross úr þessum skrítnu formum. „Leiðbeiningarnar segja að vísu að við megum snúa þeim allavega, jafnvel á hvolf,“ bætti Konráð við. Það gætti þó ekki mikillar bjartsýni í röddinni þrátt fyrir þá vitneskju.



Getur þú raðað saman þessum formum svo úr verði kross eins og sá fjólublái?



Katrín heldur upp á þættina um Frozen, hún á Önnukjól. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Þetta er ekki dýragaður

Katrín Ragna Hansdóttir tekur á móti mér í dýrunum, við tyllum okkur og mamma hennar líka.

MÉR FINNST SKEMMTILEGAST AÐ LEIKA VIÐ ÓLÖFU VINKONU MÍNA. HÚN ER MEÐ MÉR Í LEIKSKÓLANUM MÍNUM Á RJÚPNAHÆÐ. ÉG ER KOMIN Í KRUMMAHREIÐUR – ALLAN DAGINN.

Hvað ertu gömul? (Á innsoginu): Ég er þriggja ára og verð fjögra 30. ágúst (eðlilega). Veistu hvað? Ég er að fara í ferðalag, í bústað til ömmu sem á afmæli. Það er langt. Við verðum að gista á leiðinni – á HÓTELI! Við ætluðum að sofa í tjaldi en það verður vont veður. Við erum búin að eignast prinsessulitlabarn, það fer með okkur í ferðalagið. Hana langar mikið í lítið systkini, útskýrir mamma hennar.
(Snýr sér að mömmu). Prinsessulitlabarnið verður að vera í belti. Já, að sjálfsögðu svarar hún.

Eigið þið eitthvert dýr? Neeei, þetta er ekki dýragarður. Svo er pabbi með ofnæmi. En við eigum allavega lítinn hund.
Eigum við hund?, spyr mamma hennar hissa.

Manstu ekki? Jú, litla tréhundinn þinn. Einmitt.

Hvernig finnst þér skemmtilegast að leika? Mér finnst skemmtilegast að leika við Ólöfu vinkonu mína. Hún er með mér í leikskólanum mínum á Rjúpnahæð. Ég er komin í Krummahreiður – allan daginn.
Hún var að skipta um deild, útskýrir mamma hennar.
En núna er ég í sumarfríi í leikskólanum. Í haust byrjar hann aftur. Ég var að hlusta á Frozen í dag og horfa á Kúlugúbbana. Líka að perla, (sýnir mér tvö perlulistaverk). Mamma hjálpaði mér með blómið, en ég gerði hjartað eiginlega alveg sjálf. Amma fær perl í afmælispakkanum – prinsessuperl.

Hvað finnst þér best við sumarið? Mér finnst skemmtilegt að syngja sumarlagið mitt. Það er svona: Sumar og sóóól, sumar og sóóól...
Það er svolítið mikið um heimatilbúin lög, útskýrir mamma hennar fyrir mér.
Í gær var ég í sumarbústað hjá ömmu Erlu og svaf í koju með Tinnu frænku minni, hún var að pikka í mig, hún er bara eins árs. Amma varð að vera á milli. Ég fæ aldrei Karíus og Baktus því ég bursta tennurnar mínar og borða bara nammi á nammidögum – nefnilega. Ég hélt fyrst það mætti borða nammi á hverjum degi í sumarfríinu.

Hvaða nammi finnst þér best? Ekki sterka nammið, bara góða. Mér finnst sleikjó bestur. Ormasleikjó.
Hjá Erlu ömmu sumarbústað voru flugur, ég fékk bit á hálsinn og nebbann og tvö á kinnina. En ég fór á bát og svo fór ég upp klifurvegg. Það var ekki erfitt. (Sýnir mér sumarfrísbók með myndum.) Ég var að borða ís. Það má í sumarfríinu.

Lestrarhestur vikunnar Kristín Eva

Hvernig bækur þykja þér skemmtilegastar? Fyndnar bækur eins og Snuðra og Tuðra.

Hvaða bók lastu síðast og um hvað var hún? Freyja og Fróði rífast og sættast. Hún var um systkini sem voru að rífast. Þau voru með ömmu sinni og fóru í bíó með henni. Svo voru mamma þeirra og pabbi líka að rífast. Allir sættust að lokum.

Hvaða bók ætlarðu að lesa næst? Freyja og Fróði í klippingu.

Ef þú myndir skrifa bók, um hvað væri hún? Hún væri um tvær ofurhetjur sem eru systkini og þau eru stundum að rífast og stundum að leika sér saman. Svo lenda þau í ýmsum ævintýrum.

Ef þú mættir velja þér persónu úr bók til að ferðast um Ísland með, hver væri hún? Lísa úr bókinni „Handbók fyrir ofurhetjur.“

Hvernig mynduð þið ferðast? Hún myndi kenna mér að fljúga og við myndum fljúga til Grikklands að heimsækja ömmu og Evu litlu, frænku mína.

Manstu eftir fyrstu bókinni sem var í uppáhaldi hjá þér? Snuðra og Tuðra í jólaskapi.

Ferðu oft á bókasafnið? Já, ég fer oft með mömmu og hjálpa henni að velja bækur.



Hver eru þín helstu áhugamál? Fimleikar, dans og svo finnst mér gaman að fara með bræðrum mínum á fótboltamót.

Í hvaða skóla ertu? Keldusskóla–Vík, en ég þarf að skipta um skóla í haust þar sem honum verður breytt í unglingaskóla.

Borgarbókasafnið, Bókmenntaborgin og Bókabeitan efna til sumarlesturs fyrir krakka. Verið velkomin í bókasafnið í ykkar hverfi og takið þátt í lestrarleiknum. Í hverri viku fær einn heppinn þátttakandi bók að gjöf og í lok sumarsins er veittur einn veglegur vinningur.

GEFÐU UPPLIFUN Í ÖSKJU



Rómantík, gourmet, dekur, útivist, námskeið eða
hvaðeina annað sem hægt er að njóta og upplifa.
Þannig er Óskaskrín, upplifun fyrir þá sem þér þykir vænt um.

577 5600 | info@oskaskrin.is | oskaskrin.is

Óskaskrín

VEÐUR & MYNDASÖGUR

Laugardagur

Reykjavík	Ísafjörður	Akureyri
9 °C | 8 ↓	4 °C | 9 ↓	6 °C | 8 ↓
Egilsstaðir	**Kirkjubæjarkl**	**Hveravellir**
9 °C | 8 ↘	13 °C | 13 ↘	2 °C | 10 ↓

Norðlæg átt 8-15 m/s með rigningu nyrðra, en fer að lægja og dregur úr úrkomu vestantil seinnipartinn. Bjart að mestu sunnan heiða. Hægur vindur norðvestanlands annað kvöld, en gengur í norðvestan 13-20 á Suðausturlandi. Hiti 2 til 13 stig.

	Sunnudagur	Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur
Reykjavík		13 °C | 4 ↘	11 °C | 2 ↘	12 °C | 2 ↘	12 °C | 0 ○	13 °C | 2 ↙
Ísafjörður		8 °C | 10 →	8 °C | 1 ↗	11 °C | 2 ↗	9 °C | 1 ↙	9 °C | 4 ↙
Akureyri		11 °C | 7 ↘	10 °C | 1 ↘	12 °C | 2 ↙	12 °C | 1 ↙	10 °C | 2 ↙
Egilsstaðir		12 °C | 8 ↘	12 °C | 2 ↘	12 °C | 2 ↗	12 °C | 2 ↘	11 °C | 3 ↖
Kirkjubæjarklaustur		15 °C | 7 ↘	15 °C | 1 ↗	14 °C | 3 ↖	14 °C | 2 ↖	9 °C | 3 ↖
Hveravellir		8 °C | 9 ↘	9 °C | 2 ↗	10 °C | 3 ↑	11 °C | 3 ↑	11 °C | 2 ↖

Pondus

Eftir Frode Øverli



Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




SÖGUSLÓÐIR Í DÖLUM

Dalir eru eitt söguríkasta hérað landsins. Þessi bók vísar veg um Dalabyggðir með sögulegan fróðleik í hverju skrefi.

Árni Björnsson menningarsagnfræðingur skrifar hér um heimahaga sína.

Söguslóðir í Dölum er bók fyrir forvitna ferðalanga og heimamenn í Dölum, og ekki síður fyrir áhugamenn um þjóðlegan fróðleik, íslenskt samfélag og breiðfirska náttúru.

Bókin fæst á skrifstofu FÍ Mörkinni og í vefverslun á www.fi.is



Ferðafélag Íslands
www.fi.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —

89%

Með því að auglýsa í Atvinnublaðinu nær þitt fyrirtæki til **89%** lesenda dagblaða* á höfuðborgarsvæðinu.



*Fréttablaðið og Morgunblaðið

Heimild: Prentmæling Gallup, jan. - jún. 2019. Lesendur dagblaða á Höfuðborgarsvæðið á aldrinum 18-49 ára.



VERTU VAKANDI Í FYRSTA SKIPTI Á ÆVINNI

**Við höfum opnað glæsilega nýja verslun Hästens að Faxafeni 5.
Komdu til okkar og prófaðu einstök gæði Hästens rúmanna.
Starfsfólk okkar er tilbúið að aðstoða þig og veita frekari upplýsingar.**

Þegar þú vaknar í rúmi frá Hästens munt þú skilja virði þess að ná fullkomnum nætursvefni. Rúmin eru framleidd með einstöku samspili handverks og hráefna þar sem hvergi eru gerðar málamiðlanir í gæðum náttúrulegra efna eða tíma við óþreytandi handverkið.
Þú sérð það ekki en þú munt finna fyrir því. Allan sólarhringinn.
Heimsæktu Hästens í Faxafeni eða pantaðu vörulistann á hastens.com.

BE AWAKE FOR THE FIRST TIME IN YOUR LIFE®

Hästens
since 1852

HÄSTENS VERSLUN
Faxafeni 5, Reykjavík 588 8477

AFGREIÐSLUTÍMI
Mán.–fös. 10–18 | Lau. 11–16
www.betrabak.is

Betra BAK



Verk eftir Rósu við Skálholtskirkju.

Róm í Skálholti

Listsýning í tengslum við Skálholtshátíð verður opnuð í dag, laugardag, klukkan 11.30 í Skálholti. Sýningin stendur til 30. ágúst. Þar sýnir listakonan Rósa Gísladóttir verk sín, við kirkjuna og skólann. Sýningin ber yfirskriftina Tilfærsla – Displacement – Róm í Skálholti. Verkin, sem listakonan sýndi í Róm árið 2012, vísa til umhverfisins á Keisaratorgunum í Róm.

Listakonan segir um sýninguna: „Í list minni leita ég fanga í sögulegri arfleifð vestrænnar formhugsunar, sem á rætur í forngrískri og rómverskri menningu. Í þeim skilningi er myndlist mín eins konar fornleifarannsókn á sögu klassískra forma.“

Gamlir krakkaleikir fyrir börn í Kvosinni

Í Reykjavíkurkvosinni hafa alltaf verið krakkar, alveg frá víkingaöld og alls staðar þar sem krakkar búa, vilja þeir leika sér. En hvernig voru leikirnir í gamla daga og í eldgamla daga? Þetta verður skoðað í dag, laugardag kl. 13.00 -14.00.

Hist er fyrir framan Landnámssýninguna í Reykjavík, Aðalstræti 16, kl. 13.00. Þátttaka er ókeypis. Leiðsögumaður og leikjastjórnandi verður Jón Páll Björnsson, sagnfræðingur og barnabókahöfundur.



Andrea Gylfadóttir syngur á djasshátíð. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

Jazz undir fjöllum

Jazz undir fjöllum, árleg jazzhátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin í fimmtánda sinn í dag, laugardaginn 18. júlí.

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara fram í félagsheimilinu Fossbúð í kvöld, 18. júlí kl. 21.00. Þar kemur fram kvartett söngkonunnar Andreu Gylfadóttur. Með henni leika þeir Kjartan Valdemarsson á píanó, Þorgrímur Jónsson á kontrabassa og Erik Quick á trommur. Þau munu flytja fjölbreytta dagskrá djass- og blústónlistar.

Í Skógakaffi verður boðið upp á tónlist laugardaginn 18. júlí frá kl. 14-17. Þar verða óformlegri tónleikar, eða nokkurs konar „jamsession“, þar sem saxófónleikarinn Sigurður Flosason leiðir kvintett skipaðan þeim Andrési Þór Gunnlaugssyni á gítar, Kjartani Valdemarssyni á píanó, Þorgrími Jónssyni á kontrabassa og Erik Quick á trommur. Ókeypis er á tónleikana.



Linda á bekk við Hverfisgötu, sem hún tyllti sér oft á þegar hún var í göngutúrum. FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI

Ljóðastemningar frá COVID-tímum

Linda Vilhjálmsdóttir sendir frá sér nýja ljóðabók. Ljóðin urðu til á göngu. Ljóðabók um konur í feðraveldinu er í smíðum. Segir langt í land, að jafnrétti kynjanna sé náð.

Kolbrún Bergþórsdóttir
kolbrunb@frettabladid.is



Kyrralífsmyndir er ný ljóðabók eftir Lindu Vilhjálmsdóttur. Ljóðunum er skipt eftir tímabilum, frá 24. mars - 26. maí á þessu ári og eru stemningar frá COVID-tímum. Bókin er prýdd ljósmyndum eftir Lindu.

„Ég var byrjuð á öðru ljóðahandriti og var búin að skrifa inngangskafla að því. Svo fékk ég erfiða og leiðinlega flensu sem stóð yfir í mánuð, með hléum, og þegar ég var að jafna mig greindust fyrstu COVID-sjúklingarnir hér á landi. Til að hressa mig við fór ég að ganga um hverfið og þá strax varð fyrsta ljóðið til. Ég fór svo að taka myndir á símann, til að gera gönguferðirnar, sem samanstóðu af tveimur, þremur hringjum, skemmtilegri. Það hefði ekki verið hægt að nota þær, nema vegna þess að Alexandra Buhl hjá Forlaginu lagaði þær til,“ segir Linda.

Nokkur ljóðanna í bókinni birtust fyrst á Facebook-síðu hennar. „Ég hafði lengi haft áhuga á að birta ljóð á netinu og þegar þau voru orðin nokkur þá ákvað ég að birta þau á Facebook og hélt því svo áfram. Ljóðin fengu vissulega góðar viðtökur þar, en fæstir nenntu samt að lesa þau sem heild. Ég uppgötvaði að ljóð eiga ekki heima á Facebook, fólk hefur ekki einbeitingu til að lesa þau.

Ég var ekki að hugsa um þessi ljóð sem efni í ljóðabók. Ég var að fanga stemningu til að koma mér í gang til að skrifa. Á þessum tíma fór ég út að ganga á hverjum einasta degi. Það var lítið annað hægt að gera og þessir göngutúrar héldu mér gangandi og mikið af stemningu í ljóðunum kemur frá þeim. Þegar ljóðin voru orðin um 20 fór ég að sjá fyrir mér ljóðabók.“

Staða veikra

Í ljóðunum má finna gagnrýni, eins og þegar sagt er að veikir lendi alltaf í ruslflokki. „Það þarf ekki annað en að fletta blöðunum til að sjá að það er daglegt brauð að fólk sé í stöðugri baráttu við kerfið út af veikum aðstandendum,“ segir Linda. „Í kerfinu er ekki það öryggisnet sem ætti að vera til staðar þegar fólk þarf á því að halda. Það þarf alltaf að hafa töluvert mikið fyrir því að fólk fái þá aðstoð sem það þarf og margir fá hana ekki. Og svo er fátækt í samfélaginu sem enginn vill tala um og við eigum bara að gleyma. Í COVID kom í ljós að það er hægt að gera þetta öðruvísi. Allt í einu snerist allt um að vernda gamla og lasna og allir voru samtaka í því.“

> ÉG UPPGÖTVAÐI AÐ LJÓÐ EIGA EKKI HEIMA Á FACEBOOK, FÓLK HEFUR EKKI EINBEITINGU TIL AÐ LESA ÞAU.

Konur í feðraveldi

Linda er spurð um ljóðabókina sem hún var byrjuð að vinna að, áður en hún skrifaði Kyrralífsmyndir. „Sú ljóðabók hefur verið að malla í hausnum á mér síðustu ár og mun fjalla um konur í feðraveldinu, og hversu nauðsynlegt er að sjá hlutina eins og þeir eru, en ekki afneita þeim. Ennþá er langt í að jafnrétti sé náð í samfélaginu.

Feðraveldið er alltaf með mótstöðu gagnvart konum. Við þurfum stöðugt að fara í gegnum múra, sem eru að hluta til innbyggðir í kerfið, en eru líka að stórum hluta til í höfðinu á okkur. Við erum aldar upp við að feðraveldið sé það eðlilega og við erum alltaf að reyna að standa okkur þar og vera boðlegar sem miðaldra hvítur karlmaður, sem við getum vitanlega aldrei orðið. Við erum að rífa okkur niður fyrir að standa okkur ekki í því hlutverki. Næsta ljóðabók verður um þetta. Hvað mig varðar, þá er ég að vanda mig við að vera vakandi svo ég geti snúið blaðinu við.“

Skemmtileg minning

Sýning á verkum Gabríelu Friðriksdóttur verður opnuð í dag í Gallerí Úthverfu á Ísafirði. Gabríela er ættuð frá Hnífsdal og dvaldi þar mörg sumur hjá afa sínum og ömmu. Hún hefur haldið tengslum við svæðið æ síðan og kemur reglulega til dvalar í Hnífsdal. Gabríela setti upp sýningu í sama rými um vetur, fyrir rúmum tuttugu árum. Um tengslin milli þessara tveggja sýninga segir Gabríela eftirfarandi sögu:

„Ég sýndi síðast í þessu rými, sem þá hét Slunkaríki, árið 1999. Systkini afa míns voru mörg á lífi á þeim tíma, en þau voru frá Hnífsdal. Þetta frændfólk mitt var mjög vonsvikið yfir því hvað ég sýndi fáar myndir. Sýningin sem hét „Are You Ready to Rock“, samanstóð af þremur verkum á vegg og einum skúlptúr á gólfi. Viðfangsefnið var snjór og ég var mjög ánægð með útkomuna, sem var auk þess með hljóði sem barst upp um lúgu í gólfinu. Frændfólkið mitt í Hnífsdal tók til við að lauma peningaseðlum í vasa minn, því þau töldu að þessi sýning hefði enga burði til að koma vel út fyrir mig fjárhagslega. Mér fannst þessi minning svo sæt og skemmtileg og gaf því fólkinu mínu, sem nú er allt horfið yfir móðuna miklu, loforð um að búa til sýningu með fullt af myndum.“



Verk Gabríelu, Fjórar frumur.

